Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun
Menntavísindasvið Háskóli Íslands

Ritrýnd grein birt 28. desember 2016

►► Yfirlit greina

Þorsteinn Helgason

Verkfæri þjóðminninga

Tyrkjaránið í skólabókunum – Seinni hluti

► Um höfund ► Efnisorð

Í þessum skrifum sem skipt er í tvo hluta er kannað hvernig fjallað hefur verið um Tyrkjaránið í sögukennslubókum frá 1880 til þessa dags. Þessi seinni hluti tekur upp þráðinn frá þeirri fyrri um 1960.

Gengið er út frá því að námsgögn í sögu megi oft skoða sem „sameiginlegar minningar“ þjóðarinnar sem þau eru ætluð og sem vitnisburð um viðteknar skoðanir. Þetta er þó ekki algilt þar sem höfundarnir hafa visst svigrúm, námsgögnin ná mismikilli útbreiðslu og kennslubækur geta verið fulltrúar víkjandi viðhorfa en verið samt í notkun. Greina má meginlínur á tímabilum þó með talsverðum frávikum sé. Þjóðhverf framsetning frásagnarinnar af Tyrkjaráninu mótaðist á fyrri hluta tuttugustu aldar en atburðurinn var svo sérkennilegur að erfitt var að steypa hann fullkomlega í fast mót. Þegar leið á öldina tók að brydda á fleiri sjónarmiðum með aukinni alþjóðasýn.

Tyrkjaránsins er ekki getið í námsgögnum sem fylgdu róttækri samþættingu sögu og fleiri greina í grunnskólanum undir heitinu samfélagsfræði og birtist í námskrá árið 1977. Það hefði þó verið mjög í anda hennar að taka þennan fjölþætta og alþjóðlega atburð fyrir og útfærslan hefði líklega orðið frumleg. Í stað þess kom hefðbundnari framsetning í kennslubókaröðinni *Sjálfstæði Íslendinga* eftir Gunnar Karlsson en frásögn af Tyrkjaráninu er sett þar inn með teiknamyndasögu og án mikils samhengis við annað efni. Samhengið er heldur ekki stór þáttur í bók Gunnars fyrir framhaldsskóla, *Kóngsins menn*, enda byggist hún á sjálfstæðum köflum um einstök málefni. Þannig er einnig fyrirkomulagið á bók sem gerð var fyrir sérkennslu, *Lífið fyrr og nú*, þar sem Tyrkjaránið fær helming síðu sem er tileinkuð Hallgrími Péturssyni. Í öllum þessum tilvikum er það staða ránsins í sameiginlegri minningu þjóðarinnar – frægð atburðarins – sem ryður því braut inn í námsgögnin, óháð samhengi þess við annað efni bókanna. Öðru máli gegnir um *Aldir bændasamfélagsins* sem var ætluð fyrir framhaldsskóla og fjallaði um formgerðir hagsögu og félagssögu. Þar átti Tyrkjaránið ekki heima en fann sér þó leið bakdyramegin með því að höfundur nemendaverkefna setti það inn sem viðfangsefni.

Í aðalnámskrá fyrir grunn- og framhaldsskóla sem kom út 1999 var gert ráð fyrir að Tyrkjaránið væri tekið til umfjöllunar og það var sett í samhengi alþjóðatengsla, siglinga og ríkisvalds. Námsbókahöfundar hentu þetta á lofti og fjölluðu ítarlega um það í tveim kennslubókum fyrir framhaldsskóla og einni fyrir grunnskóla. Samhengið varðaði varnarmál, stríð og frið, siglingar um heimshöfin, sjórán og samkeppni stórvelda. Einnig komu einstaklingar við sögu, ekki einungis Guðríður Símonardóttir heldur einnig trúskiptingurinn Anna Jasparsdóttir.

Lítið er varðveitt af því námsefni sem kennarar búa til og sett er saman í afmörkuðum byggðarlögum. Kennsluefni um sögu Vestmannaeyja frá níunda áratugnum og fram yfir aldamót er þó enn til og í því er Tyrkjaránið fyrirferðarmikið. Anna Jasparsdóttir fær húsaskjól í efninu.

Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að Tyrkjaránið eigi traustan sess í sameiginlegri minningu Íslendinga svo að námsefnishöfundur eru tilbúnir að leggja lykkju á leið sína til að hafa það með þó að samhengi textans útheimti það ekki að öðru leyti. Umfjöllunin hefur verið breytileg, efnisatriði og helstu persónur verið mismunandi, samhengið af mismunandi tagi og túlkanirnar sömuleiðis. Bæði hefur aukist að sjá atburðina í alþjóðlegu ljósi og að fjalla af innlifun um einstakar persónur.

Tools of National Memory: The Turkish Raid in the Textbooks Part 2 out of 2

► About the author ► Key words

In the second part of a survey of the Turkish Raid in Icelandic history textbooks, the starting point is the 1960s. A wave of modernization went through the educational system which entailed the integration of several school subjects under the heading of Social Studies (I. samfélagsfræði) a decade later. The Turkish Raid was not an item in the textbooks in the new framework although it would have suited well for a study of both mental and social history. However, the more traditional history textbooks that followed the half-failed Social Studies project would not omit the Raid even though it did not really fit the story line. The narrative approach in *Sjálfstæði Íslendinga* **(Independence of the Icelanders) was to some degree a novelty with a short cartoon series depicting the somewhat oriental life story of the best known female captive (see** *Mynd/Picture 2***).**

In the 1960s, the secondary school system expanded and some teachers produced their own curriculum materials. Despite some efforts towards an internationalization of the Turkish Raid (by a geographer), the traditional and moderately nationalistic tone of the predecessors reigned; intertextuality could be discerned. Inaccuracies were „intertextual“ too, the most common being the statement that all raiders originated in Algiers while they actually came in two groups, the other one being from Sallee, Morocco. Explaining the contemporary terms Turks and Turkish also proved to be a hard nut to crack.

Besides the mainstream curriculum materials, there are also publications for special groups. An easy-to-read overview of Icelandic history, *Lífið fyrr og nú* **(Life in the Past and the Present) published in 1998 contains naturally some lines and a picture of the Raid with modern references (see** *Mynd/Picture 3***). In the economic and social history of Iceland in** *Aldir bændasamfélagsins* **(Ages of Peasant Society), on the other hand, the Turkish Raid is a nuisance and only found entry as a student assignment. However, it could not be discarded completely. In some local teaching materials, created and used in the Westman Islands, the Raid is very much present with an abundance of local places and microhistories – and quite a few examples of plagiarism and inprecisions.**

The national curriculum for primary and secondary school in 1999 made a detailed list of proposed events, persons and periods, including the Turkish Raid as an international as well as a local event. Textbooks for both school stages followed suit with rather lengthy accounts of the Raid in the context of defense, international trade and conflicts, personal and national identity and state power. Microhistories were included, too, followed by discussions of method and content, avoiding the omniscient tone associated with textbooks.

In conclusion, the Turkish Raid is firmly rooted in Icelandic collective memory so it can not be avoided in history textbooks. Finding the appropiate context is problematic and this has varied through time, from a simple chronological framing („The same year as bishop Guðbrandur died, Turkish pirates...“) to a more complex link with conflicts in international waters, clash of civilizations and the meaning of narra-

tions. The event belongs both to memory and history, in memory as a catastrophe not to be forgotten, and as a glimpse of the wars and invasions ravaged „abroad“ in stark contrast to the peaceful existence in Iceland; to history as an object of study which has influenced textbook writing. The Turkish Raid also has an existential dimension to it as a mirror in which the textbook reader ponders over his/her identity and the positive and negative aspects of the home country, the value of peace and family connections against the larger social mobility and an advanced urban life.

The Turkish Raid has been used in Icelandic history textbooks from the beginning and probably will be used and pondered over in the future since it has personal, local as well as international dimensions.

Tyrkjaránið í vaxandi framhaldsskóla

Í barnafræðslunni réð sögukennslubók Jónasar frá Hriflu ríkjum langt fram yfir 1970 en í framhaldsnáminu varð meiri hreyfing enda fjölgaði nemendum ört og nýir skólar bættust við um og eftir 1970. Kennarar sömdu oft námsgögn fyrir eigin kennslu. Sumt af því efni var fjölritað á einfaldan og ódýran hátt en náði stundum stærri lesendahópi og rataði síðan á prentmarkað. Í landinu var hefð fyrir samningu, afritun, fjölritun og dreifingu lesefnis af ýmsu tagi og slíkir siðir nýttust vel á námsgagnasviðinu. Nokkuð af heimagerða efninu hefur varðveist á bóka- og skjalasöfnum en sumt leynist á heimilum og í geymslum án skráningar.

Árið 1953 var Menntaskólinn að Laugarvatni stofnaður, til viðbótar við þá tvo menntaskóla sem fyrir voru í landinu, í Reykjavík og á Akureyri. Á Laugarvatni var Haraldur Matthíasson kennari og hann ritaði margt, m.a. um þjóðhætti og íslenska tungu. Hann samdi Íslandssögu í tveim hlutum sem kom út hjá „Fjölritunarstofu Friede Briem, Bergstaðastræti 69“ (Haraldur Matthíasson, 1966; sjá *Mynd 1*). Eitthvað mun hún hafa verið notuð utan Laugarvatns.

Mynd 1 – Fjölrituð kennslubók Haraldar Matthíassonar var notuð víðar en á Laugarvatni eins og sést af þessu eintaki úr Menntaskólanum í Reykjavík. Aðeins var fjölritað öðrum megin á blöðin og því var önnur hver síða auð og gaf rúm fyrir túlkanir og hugleiðingar nemenda. (Bókasafn Seðlabanka Íslands)

Kennslubók Haraldar sver sig í þjóðernisættina og er að því leyti ekki nýjung, ennfremur er hún stuttaraleg eins og handbók. Tyrkjaránið fellur undir kafla sem nefnist „Aukning konungsvalds“. Hann skiptist í tíu undirkafla og kemur ránið næst á eftir innleiðingu einokunarverslunarinnar og kafla sem fjallar um andóf við konungsvaldið (Haraldur Matthíasson, 1966, bls. 7-8). Eins og endranær í þjóðernislíkaninu er erfitt að kenna Dönum um ránið en höfuðsmanni er þó álasað fyrir hugleysi eins og algengt var. Til að auka trúverðugleika þessarar niðurstöðu segir höfundur að verslunarskipin tvö, sem hann hafði til umráða, hafi verið vel vopnum búin, ennfremur að fallbyssuvígi hafi verið reist á Bessastöðum og að þar hafi verið fjölmenni saman komið. Þrátt fyrir þetta bannaði höfuðsmaður að láta skjóta á skip ránsmanna þegar þeir strönduðu, skrifar Haraldur, og hann var þar að auki með söðlaðan hest til reiðu til að flýja ef ræningjum tækist að ganga á land. Það gerðist þó ekki, segir í kennslubókinni, en ræningjarnir fengu óáreittir að flytja fanga og varning milli skipa þar til þau losnuðu og sigldu svo sína leið. Hin algenga ásökun um hugleysi er þannig óvenjumikið rökstudd en rökunum má þó auðveldlega andmæla eins og gert hefur verið (Halldór Baldursson, 1996).

Ekki eru sögð mikil deili á ræningjaflokknum nema að þeir hafi verið „múhameðstrúar“, að þeir hafi rænt fólki til að selja í ánauð og að börnin hafi verið alin upp til múhameðstrúar. Reynt er að setja ránið í samhengi við atburði síns tíma með því að byrja kaflann á því að nefna uppivöðslu Englendinga í Vestmannaeyjum árið 1614 og tengja það við varnarviðbúnað í Eyjum. Höfundurinn gefur þannig efnivið til að tengja Tyrkjaránið og danska konungsvaldið þó að álitamálin séu margvísleg sem kennarinn þarf að taka til umræðu.

Tveir menntaskólakennarar skrifuðu kennslubók í sögu Íslands fyrir tímabilin 1550-1683 og 1680-1830 sem út kom sem fjölrit árið 1970 og aftur árið eftir (Guðrún Ólafsdóttir og Lýður Björnsson, 1970). Í raun eru þetta tveir sjálfstæðir hlutar þar sem Guðrún Ólafsdóttir stóð fyrir þeim fyrri en Lýður Björnsson skrifaði um seinna tímabilið. Þessi kennslubók er að ýmsu leyti nýjung á Íslandi en skyld því sem gerðist í öðrum löndum á þessum tímum, t.d. í Danmörku þar sem birtir voru alllangir kaflar úr frumskjölum og fræðiritum og áhersla var lögð á hagsögu og stjórnskipun (*Historie*, 1994, bls. 2; Jón Árni Friðjónsson, 2013, bls. 76). Hér eru það formgerðirnar en ekki frásögn af atburðunum sem eru í fyrirrúmi og má því segja að hér séu meðal fyrstu ummerkja um landnám félagssögunnar í framhaldsskólum á Íslandi (Ólöf Garðarsdóttir, væntanlegt). Texti Guðrúnar Ólafsdóttur er yfirvegaður, studdur opinberum skjölum, hún sundurliðar ástæður og orsakir, tengir við alþjóðlegar aðstæður (t.d. að einokunarverslun hafi verið í tísku) en stundum fellir hún dóma með beinum hætti án mikillar röksemdafærslu: „Íslendingar nutu í engu góðs af verzlunargróðanum...“ (Guðrún Ólafsdóttir, 1970, bls. 16).

Efninu í kafla Guðrúnar er skipt í meginatriðum milli stjórnsýslu, verslunar og kirkjunnar en þar á milli er sjálfstæður kafli um siglingar. Þar er Guðrún á heimavelli þar sem hún er landfræðingur með áhuga á sögulegri landafræði, hún greinir frá baskneskum hvalveiðimönnum, landkönnun í norðurhöfum og árekstrum sem urðu í slíku samhengi. Inn í það samhengi fellir hún Tyrkjaránið en lætur það þó einkum þjóna því hlutverki að sýna hve danska konungsvaldinu hafi verið um megn að verja landið fyrir framandi kaupmönnum og ránum og ofbeldi. Varnarleysi Íslendinga er harmað og það er rakið til þess að þeir hafi verið afvopnaðir um siðskipti. Það er staðhæfing sem oft og víða hefur verið dregin fram en stendur á ótraustum grunni (Þorsteinn Helgason, 2013, bls. 231-233). Atburðarásin í ráninu sjálfu er rakin í örfáum línum og síðan sagt að ránið hafi haft „djúpstæð áhrif á Íslendinga“ og að hræðslan við að Tyrkir kæmu aftur hafi haldist fram á 20. öld (Guðrún Ólafsdóttir, 1970, bls. 18). Segja má að alþjóðlegt sögusvið Tyrkjaránsins sé hér í fyrsta sinn teiknað upp þó að „íslenski“ hlutinn sé mjög litaður af þjóðernislíkaninu og þeirri söguritun sem einkenndist af því.

Þessi fjölritaða framhaldsskólabók þróaðist þannig að Lýður Björnsson tók við efninu og gaf út á prenti í nýju formi árið 1973 undir heitinu *Frá siðaskiptum til sjálfstæðisbaráttu. Íslandssaga 1550-1830.* Í áratug var sú kennslubók notuð mikið og víða. Hún er þemaskipt með þrem meginefnisþáttum: um „land og þjóð“, atvinnulíf og stjórnsýslu. Skipulagið er þröngt og vandræði verða með Tyrkjaránið sem höfundur vill koma að. Því er stungið inn í kaflann um atvinnulíf og þar undir samskipti við önnur ríki. Þráðurinn er rakinn þannig að hann er látinn byrja á atvinnulífi, nánar tiltekið veiðiskap erlendra þjóða á Íslandsmiðum. Vegna þessa urðu til samskipti sem oftast voru friðsamleg, segir höfundur, þó að stundum kæmi til alvarlegra átaka (Lýður Björnsson, 1973, bls. 95). Síðan eru talin þrjú rán, tvö frá hendi Englendinga og eitt baskneskt, og loks hið alræmdasta,

Tyrkjaránið. Síðan kemur tilraun til að setja ránið í samhengi við varnir landsins. Búist hefði mátt við, eftir öll þessi rán, segir höfundurinn, að landsmenn tækju að vopnast en ekki er það að merkja. Þarna er komið að áhugaverðum þætti en málinu er lítið fylgt eftir með rökum og upplýsingum. Einkum eru sagðar skemmtisögur af galdramönnum og ákvæðaskáldum sem reyndu að tortíma ræningjaskipum með kukli sínu. Þá var illa komið fyrir afkomendum víkinga, segir höfundur. Ónotað er tækifæri til að fjalla af alvöru um grunnþætti í varnarmálum landsins sem ávallt eiga erindi og reyndi á í Tyrkjaráninu með áberandi hætti. Í því samhengi eiga ákvæðin og galdrasögurnar sinn sess en hér einskorðar höfundur sig við skemmtanagildi þeirra.

Í sögukennslu á Íslandi hefur hin svokallaða gullaldarkenning verið ríkjandi, a.m.k. mestalla tuttugustu öldina. Það hefur haft í för með sér að tímabilið til 1262, stundum til 1550, hefur skipað heiðurssess og fengið drjúgan tíma. Sömuleiðis er miklum tíma varið í „nútímann“ frá fyrri hluta 19. aldar. Aldirnar á milli þessara tveggja tímabila hafa verið taldar til stöðnunar og jafnvel afturfarar og kúgunar – eða einfaldlega ekki þótt nógu áhugavert. Þessi afstaða kemur vel fram í tveim kennslubókum þar sem önnur hét lýsandi heiti um hlutverk þess, *Eyðufylling milli siðaskipta og sjálfstæðisbaráttu* (Gunnar Karlsson, 1988), þegar hún var notuð í drögum en varð seinna að *Kóngsins mönnum* í prentaðri útgáfu.

Hin kennslubókin, Þættir úr Íslandssögu 1550-1830, var einungis notuð sem „fjölritað handrit“ í Menntaskólanum við Hamrahlíð til að „brúa bil“ milli tveggja kennslubóka sem voru „allviðamikil rit“ (Einar Laxness, 1979). Rétt er að gera grein fyrir millitímabilinu, að sögn höfundarins, þó að ekki væri mikill tími til þess. Ekki væri ætlunin að skrifa samfellda sögu heldur væru teknir fyrir „fyrst og fremst nokkrir veigamiklir eða minnisstæðir þættir“. Þegar þannig háttar til, efninu er ekki skipt samkvæmt þemum eða ákveðnum formgerðum er jafnan líklegt að Tyrkjaránið komi með. Þá bankar sameiginleg minning þjóðarinnar á dyrnar hjá höfundinum og Tyrkjaránið heimtar sinn hefðbundna sess. Svo var í þetta sinn og kemur kaflinn um ránið næst á eftir einokunarversluninni og ræður tímaröðin þar mestu því ekki er þetta tvennt tengt saman í bókinni. Höfundurinn, Einar Laxness, skrifaði eina uppsláttarrit sem til er um sögu Íslands og kaflinn um Tyrkjaránið hefur sum einkenni uppsláttarrits: nákvæmni um fjölda skipa, mannanöfn, ártöl og fjöldatölur en ekki tilfinningahlaðnar lýsingar eða vangaveltur. Þó að útgáfusniðið sé „handrit“ hefur höfundur kostað því til að birta kort með siglingaleiðum sjóræningjanna. Höfuðsmaður fær engar ákúrur og ekki eru almennar hugleiðingar um varnir landsins. Nefnt er í lokin að löngu eftir Tyrkjarán hafi landsmenn fundið til ótta þegar stór skip birtust við strendur landsins.

Tvær kennslubækur, tvö skólastig, einn höfundur

Á áttunda áratug síðustu aldar var kennslugreininni sögu umbreytt í íslensku grunnskólakerfi. Henni var steypt saman við landafræði, félagsgreinar og átthagafræði (fyrir yngstu börnin) og búin til samþætt grein sem kölluð var samfélagsfræði. Trúarbragðafræðsla (kristinfræði) var ekki höfð með en hlutar af náttúrufræði og móðurmálskennslu voru samþættir greininni. Þessi umskipti voru þáttur í nývæðingu skólakerfisins á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2008; Loftur Guttormsson, 2013). Samþætting námsgreina sem fjalla um samfélagið var út af fyrir sig ekki ný hugmynd því upphaf hennar má rekja til Bandaríkjanna í byrjun 20. aldar, en um og eftir 1970 færðist samþættingin í aukana í ýmsum löndum og um leið sóttu á hugmyndir um virkara nám þar sem málefni líðandi stundar hefðu meira vægi. Sagan sem sjálfstæð grein, með upptalningu á atburðum í réttri tímaröð sem þungamiðju, var ekki það sem keppt var að heldur hinu, að „hvert viðfangsefni sé kannað til hlítar“, ritar Wolfgang Edelstein og vitnar þar í aðalnámskrá samfélagsfræði frá 1977 (Wolfgang Edelstein, 1988, bls.194).

Hvað varð um Tyrkjaránið í þessum hræringum? Út af fyrir sig hefði atburður af þessu tagi ekki hentað illa við þá áherslu á félagssögu, samþættingu greina og hlítarnám sem stundað var. Þannig voru Skaftáreldar hafðir að stórum námsþætti þar sem einkum jarðfræði og saga komu saman og fjölþætt námsgögn voru gefin út (Aðalsteinn Eiríksson, 1981). En Tyrkjaránið varð ekki fyrir valinu.

Árið 1983 upphófst gagnrýni á samfélagsfræðina á opinberum vettvangi. Krafist var samfellds söguyfirlits í skólum þar sem þekktar persónur og atburðir væru kynnt til sögunnar. Hér verður ekki fjallað um þessar deilur (sjá t.d. Loftur Guttormsson, 2013) en segja má að ákveðin lausn

hafi fengist á þeim með því að virtur sagnfræðiprófessor, Gunnar Karlsson, skrifaði þriggja binda sögukennslubók fyrir grunnskólabörn undir heitinu *Sjálfstæði Íslendinga.* Af nafninu má sjá að hér er einkum um stjórnmálasögu að ræða enda var það beinlínis tekið fram í undirtitli. Höfundurinn viðurkenndi að sumt í kennslubókinni væri á mörkum þess að vera úrelt samkvæmt nýjustu rannsóknum, t.d. hverju einokunarverslunin hefði þjónað og hverjir hefðu haft mest að segja um ákvarðanatöku á tímum einveldisins. Nýjar rannsóknir á þessum þáttum færðu sök á bágu ástandi í landinu í meira mæli til innlendra aðila en gert hafði verið áður. En höfundinum var kappsmál að efla stjórnmálaáhuga og -vitund lesendanna og því taldi hann heppilegt að hafa samfelldan og skarpan þráð sjálfstæðisins að leiðarljósi: „Í barnasögu kemst maður ekki hjá því að skerpa línur" (Gunnar Karlsson, 1992/1986, bls. 76). Þetta hefði Jónas frá Hriflu gert í sinni langlífu Íslandssögu en nú þyrfti að taka til: „Ég sannfærðist því um að eldri bækurnar burðuðust með of mikinn íslenskan menningararf... Það yrði að grisja arfinn, fækka efnisatriðum."

Var rými og þörf fyrir Tyrkjaránið í stjórnmálasögu þar sem menningararfurinn var grisjaður? Eiginlega ekki, en ránið rataði þó í bókina. Ástæðan fyrir því er tilgreind í byrjun kaflans: „Nú erum við komin fram á 17. öld, og einn frægasti atburður hennar er Tyrkjaránið árið 1627" (Gunnar Karlsson, 1986, bls. 47). Það „nú" sem höfundur á við er upphaf einokunarverslunarinnar en hún fær sjálfstæðan og viðamikinn kafla. Inn í hann er Tyrkjaráninu skotið sem boðflennu en verið getur að boðflennan „steli senunni" því hún er í formi fjögurra teiknimynda sem lýsa örlögum konu sem rænt var og kom aftur: Guðríðar Símonardóttur, sem einu sinni áður var nefnd til sögunnar í kennslubók en fær hér heiðurssess (sjá *Mynd 2*). Sjá má áherslu á aðgreiningu menningarheima í myndasögunni, annars vegar „okkur" en í þeim hópi er fögur kona með krókfald og afbragðs sálmaskáld, hins vegar „hin" en þar má sjá þungbrýna araba og vísun í kvennabúr. Of langt væri gengið að skilgreina þetta sem kynþáttahyggju en menningarheimarnir eru ekki tengdir með trúskiptingum og stjórnmálaástandinu í Evrópu sem vissulega myndu gera myndina flóknari og torskildari fyrir nemendur. Í staðinn er myndasagan með ævintýrablæ í anda Þúsund *og einnar nætur* sem opnar fyrir ýmsa túlkunarmöguleika.



Mynd 2 – Blaðsíða í kennslubókinni Sjálfstæði Íslendinga 2.

Kaflinn um Tyrkjaránið í *Sjálfstæði Íslendinga* er ekki nema rúm blaðsíða að lengd en þar kemst margt fyrir: dramatísk einsaga með myndum, skýring á Tyrkjaheitinu (sem að vísu er ekki alveg fullnægjandi), orð um varnarleysi og áhríniskvæði gegn ræningjum sem hafi komið í stað vopnavalds og athugasemd um að Tyrkjahræðsla hafi verið viðvarandi. Megingallinn er hve lítið efnið tengist öðru sem fjallað er um í bókinni. Ástæðu þess að það var sett inn yfirleitt má skýra eins og oft áður og síðar: Atburðurinn tilheyrir sameiginlegu minni þjóðarinnar („einn frægasti atburður...“) og því verður ekki umflúið að fjalla um það í kennslubók fyrir almannaskóla.

Gunnar Karlsson hefur verið mikilvirkastur allra sögukennslubókahöfunda en sérsvið hans eru annars vegar miðaldir og hins vegar nútíminn. Engu að síður hefur hann margsinnis skrifað kennslutexta um aldirnar þar á milli og um Tyrkjaránið sérstaklega. „Eyðufylling“ þar á milli hefur verið nefnd. Hún varð til sem nauðsynleg viðbót við miðaldasögu (Gunnar Karlsson, 1989) og var síðar gefin út á prenti sem sjálfstæð bók undir heitinu *Kóngsins menn. Ágrip af Íslandssögu milli 1550 og 1830* (Gunnar Karlsson, 1990). Umfangið er lítið, aðeins 88 blaðsíður og megintextinn á 47 síðum, miklu minna en miðaldasagan og nútímasagan sem fylgdu á undan og eftir. Þetta hefti er ætlað til sjálfsnáms og ritgerðavinnu en ekki mikilla umræðna í kennslustundum.

Engin þemu ráða ríkjum í *Kóngsins mönnum*, engin leiðandi kenning eða boðskapur sem myndar sýnilegan þráð heldur eru kaflarnir sjálfstæðir eins og eyjar í hafinu. Tyrkjaránið er slík „eyja“ og fær heilar fjórar síður af 47 síðum megintextans, aðeins einni blaðsíðu minna en einokunarverslunin. Kaflinn byrjar í yfirveguðum tón á umræðu um varnir Íslands þar sem sagt er að Danir hafi ekki lagt sig mjög fram um þessar varnir. Þetta var þó sjaldan til vandræða, að mati höfundarins, utan einu sinni þegar fjögur ræningjaskip komu siglandi frá Alsír og Marokkó. Síðarnefnda landið hefur bæst við frá frásögninni í *Sjálfstæði Íslendinga* og fleiri nákvæmnisatriði eru leiðrétt. Tyrkjaheitið vefst þó enn fyrir því sagt er að Norður-Afríka hafi heyrt undir tyrkneska soldáninn þó að sannara sé að Marokkó stóð utan við. Í þessu samhengi er þetta fremur veigalítið atriði.

Gildisdómar eru mildir: Rósenkrans höfuðsmaður er ekki sakaður um kjarkleysi heldur er sagt að „hann lagði ekki í“ annað en að láta ræningjana í friði. Þegar grimmd ræningjanna er lýst er tekið fram að margir þeirra hafi líklega verið evrópskir að uppruna. Hafist var handa við að safna lausnarfé, segir höfundur og gætir þess að þakka engum né álasa fyrir söfnunarferlið eins og algengt hefur verið í söguritum. Tíu árum eftir rán komu 27 manns til baka, segir höfundur. „Frægust þeirra í sögum er Guðríður Símonardóttir.“ Hún giftist Hallgrími Péturssyni og hans vegna er hún landsþekkt, skráir Gunnar (1990, bls. 19).

Þó að kennslubókinni sé ekki ætlað að vekja umræður og spurningar fram úr hófi með megintextanum er stungið upp á ritgerðarefnum í lok hennar mun það hafa verið helsti tilgangur heftisins í upphafi. Þar eru m.a. leiðbeinandi spurningar um varnarmál, hvernig hægt var að bjargast án hervarna og hvort betur hefði mátt standa að viðbúnaði. Vísað er í tvö samtímarit og eina nýlegri fræðigrein. Þarna er sem sé góður efniviður en spurning er hvort nemandinn getur rökrætt varnarmálin upp á eigin spýtur með ekkert fleira í höndunum og án viðbragða frá kennara og samnemendum. Sjálfsnám hefur sínar takmarkanir.

Utan við meginstrauminn

Um árþúsundamót voru lögð drög að verulegri breytingu á rammanum um sögukennslu sem vikið verður að á eftir. Áður en að því kom sáu tvær sögukennslubækur dagsins ljós sem nokkurt nýmæli var að þó að þær væru ekki beinlínis ætlaðar almennum hópi nemenda. Fyrir framhaldsskóla kom út *Aldir bændasamfélagsins* árið 1992 (Árni Daníel Júlíusson og Jón Ólafur Ísberg) og fyrir grunnskólann kom hefti um allar aldir Íslands, *Lífið fyrr og* nú, ætlað fyrir sérkennslu, útgefið 1998 (Hallgerður Gísladóttir og Helgi Skúli Kjartansson). Sú bók reyndist notadrjúg fleiri nemendum en þeim sem þurftu á sérkennslu að halda.

Fyrrnefnda bókin er ekki fullunnin útgáfa, myndalaus, 72 síður í megintexta, síðan nokkurra síðna tímaás og vel skipulagður hluti með verkefnum, samtals 116 síður í annarri tilraunaútgáfu. Efnið er að miklu leyti endurvinnsla á fyrra verki höfunda, Árna Daníels Júlíussonar og Jóns Ólafs Ísberg, sem var söguatlas (Íslenskur söguatlas 1, 1989). Úr því efni er einkum valið það sem lýsir formgerðum og löngum söguþráðum, félagslegum og efnahagslegum. Kennslubókin er athyglisverð tilraun til að búa til félags- og hagsögu fyrir unglinga. Tyrkjaránið truflar slíka sögu og það er því

ekki með í megintextanum en kemur hins vegar inn bakdyramegin á tímaásnum og í verkefnahlutanum. Þar er stungið upp á því að nemendur lesi reisubók Ólafs Egilssonar og velji kafla úr henni til að lesa upphátt með eigin skýringum.

Höfundur verkefnanna í Öldum bændasamfélagsins var Helgi Skúli Kjartansson og nokkrum árum síðar var hann annar höfunda áðurnefndrar stuttrar kennslubókar sem náði yfir allar aldir Íslandssögunnar ásamt þjóðháttalýsingum sem Hallgerður Gísladóttir stóð fyrir. Hér er um að ræða stutta og sjálfstæða kafla á einni síðu eða opnu með litfögrum teikningum og ljósmyndum af munum og sögustöðum. Nokkrir einstaklingar fá sérkafla, þar á meðal Hallgrímur Pétursson sem Helgi Skúli var vel kunnugur og hafði skrifað um áður (1974).

Mynd 3 – Teikning Freydísar Kristjánsdóttur í kennslubókinni *Lífið fyrr og nú.*

Meirihluti blaðsíðunnar um Hallgrím Pétursson fjallar um Tyrkjaránið og Guðríði Símonardóttur. Teikning er kjölfesta á síðunni og sýnir ræningja sem stignir eru á land og skip sem bíður úti fyrir (sjá Mynd 3). Í myndatexta er sagt að sjóræningjarnir hafi hegðað sér eins víkingarnir forðum með því að ræna fólki, brenna hús og stela. Hér er sem sé tengt við forkunnáttu nemenda og vísað til víkinga, ekki túristavíkinga eða landnema sem gerðust bændur heldur upphaflegrar merkingar um ofbeldismenn og ribbalda. Þetta er sjálfsögð og gagnleg tenging þó að hún sé ekki vandkvæðalaus þar sem munur er einnig fyrir hendi. Víkingar herjuðu í litlum og yfirleitt sjálfstæðum félagshópum en „Tyrkirnir“ höfðu ríkisvald á bak við sig. Enda skilja margar aldir að. Hugtakið víkingar var einfaldlega haft um sjóræningja í fornritum og sú málvenja hefur orðið langlíf.

Tyrkjaheitið veldur enn vandræðum. Sagt er að ræningjarnir hafi kallast Tyrkir en ekki er gefið rými til að ræða hvort þeir hafi verið Tyrkir í einhverjum skilningi. Fleiri tengingar eru ræktaðar, t.d. við efnið og tímabilið á blaðsíðunni á undan, um Jón Arason og siðaskiptin. Hundrað árum síðar var uppi annar prestur sem hét Hallgrímur Pétursson, segir í upphafi kaflans. Mynd af Hallgrímskirkju er notuð til að tengja við hið kunnuglega. Hér er sem sé kennslufræðilega vel staðið að verki í stuttri kennslubók. Minning og saga tengjast saman.

Tyrkjaránið á nýrri öld

Árið 1999 birtist ný aðalnámskrá fyrir grunn- og framhaldsskóla, hin fyrsta fyrir þessi tvö skólastig í einu (*Aðalnámskrá grunnskóla. Samfélagsgreinar*, 1999). Segja má að í henni gæti ákveðinnar þversagnar, annars vegnar nákvæmrar markmiðsstýringar og hins vegar votts af póstmódernísku frjálsræði, a.m.k. í þáttunum sem varða sögukennslu. Þar var lögð aukin áhersla á menningarsögu, félagssögu og einsögu en nokkuð dregið úr stjórnmálasögunni. Stungið var upp á þemum, þversniðum og langsniðum þó að tímaröðin, krónólógían, væri jafnframt í heiðri höfð. Mælt var fyrir um að saga landsins yrði tengd og sameinuð sögu heimsins svo sem kostur væri.

Engin rannsókn hefur verið gerð á því hvernig kennurum hugnaðist námskráin í sögu. Þegar drög að fjórum áfangalýsingum í framhaldsskóla lágu fyrir ályktuðu fundarmenn í Félagi sögukennara 29. janúar 1999:

> Fundurinn lýsir yfir ánægju með ýmsar áherslur sem koma fram í áfangalýsingum, m.a. þær að saga Íslands og umheimsins er tengd og að nemendur eru hvattir til að velta sögunni fyrir sér í stað þess að líta á hana eingöngu sem safn staðreynda (tilv. hjá Margréti Gestsdóttur, 201, bls. 150).

Kennarar höfðu þó áhyggjur af fækkun skyldueininga í sögu og af námefnisgerð. Og ekki var öllum skemmt yfir inntaki námskrárinnar. Í grein í tímaritinu Sögu árið 2010 kveður Jón Árni Friðjónsson sagnfræðingur og sögukennari sögunámskrána einkennast af „sveimhuga frjálslyndi“ og „fjölhyggju“ (Jón Árni Friðjónsson, 2010, bls. 131). Hann veltir fyrir sér hvort Björn Bjarnason menntamálaráðherra hafi hugsað fjölhyggjuna sem vopn gegn vinstri villu: „Má vera að hann hafi hugsað sér að þannig mætti „frelsa“ framhaldsskólanema undan „áróðri“ sögukennara“ (Jón Árni Friðjónsson, 2010, bls. 146). Hér er langt seilst því Björn ráðherra skipti sér ekkert af námskrárgerðinni nema að hann mæltist til þess að upplýsingatækni yrði í hávegum höfð. Jón Árni tengir námskrána við póstmódernisma og í doktorsritgerð sinni ítrekar hann „að líta mætti á póstmóderníska afstæðishyggju síðustu áratuga sem e.k. menningarlega hliðstæðu (eða andhverfu) nýfrjálshyggjunnar“ (Jón Árni Friðjónsson, 2013, bls. 44). Hann álítur þó „að sjónarhornið sé í rauninni fremur þjóðlegt“ í aðalnámskrá samfélagsgreina 1999 (Jón Árni Friðjónsson, 2010, bls. 130).

Hér er tæpt á vanda þess að kenna sögu eftir að þjóðræknin hætti að vera leiðarstjarna en er þó engan veginn hætt að skína. Þetta er viðurkennt í námskránni frá 1999 þar sem þjóðvitundin er tekin sem við mið og útgangspunktur.

> Efnið [þ.e. námsefni 7. bekkjar] fjallar um stöðu Íslands í heiminum og er því sígilt – um tengsl við nágrannalönd fyrr og síðar, um trúarlíf og trúarviðhorf, um stríð og frið og almennt um „vanda þess og vegsemd“ að búa á Íslandi (Aðalnámskrá grunnskóla. Samfélagsgreinar, 1999, bls. 39).

Um Tyrkjaránið segir í aðalnámskrá samfélagsgreina:

> Nemandi... þekki Tyrkjaránið sem atburð, lífsreynslu og árekstur menningarheima (Aðalnámskrá grunnskóla. Samfélagsgreinar, 1999, bls. 41).

Kennslubækurnar sem fyrir voru urðu flestar úreltar með nýju námskránni og útgefendum var vandi á höndum að koma nýju efni á laggirnar fyrir hinn litla íslenska námsgagnamarkað. Með nokkrum ríkisstyrk brást einkaforlag skjótt við og kom með sögukennslubók fyrir framhaldsskóla innan tveggja ára. Annað forlag fylgdi fljótlega í kjölfarið. Í báðum tilvikum var um heildstæðar bækur að ræða sem náðu yfir heila áfanga eins og þeir voru skilgreindir í aðalnámskrá. Fyrir grunnskóla var brugðist við á annan hátt hjá ríkisrekinni Námsgagnastofnun. Enginn heildstæður flokkur kennslubóka var gefinn út heldur voru ýmsir höfundar fengnir til að semja hefti og kennslubækur þar sem nálgunin var með ólíkum hætti.

Tyrkjaráninu var markað rými í aðalnámskrá og það birtist í kennslubók með heitinu *Ein grjóthrúga í hafinu* árið 2004. Heitið gefur (eilítið íróníska) vísbendingu um tengsl þjóðarsögu og heimssögu. Megintímabilið, sem fjallað er um í bókinni, er frá siðskiptum til 1800 en farið er aftur og fram fyrir þennan tíma eftir þemum. Einsögulegri nálgun er stundum beitt en jafnframt er litið til lengri þróunarferla (langsniðs, makrósviðs). Tyrkjaránið birtist í hvoru tveggja samhenginu, annars vegar í kafla um „frið í landinu“, þ.e. varnarmál og þær undantekningar frá friðnum sem ríkt hefur á Íslandi (Þorsteinn Helgason, 2004a, bls. 29). Hins vegar er ránið bakgrunnur frásagnar af tveim herteknum grannkonum frá Vestmannaeyjum sem fóru sín hvora lífsleiðina eftir herleiðinguna, Guðríður Símonardóttir og Anna Jasparsdóttir. Guðríður var staðföst í trúnni og átti afturkvæmt en Anna sat eftir, kastaði trúnni og giftist turnuðum Spánverja. Hér er dregið fram álitamál og siðklemma sem nemendur eiga að meta út frá fáanlegum upplýsingum.

Vandinn við þessar tvær framsetningar, einkum um grannkonurnar tvær, er að þær eru bundnar ákveðinni hugmynd sem kennaranum og nemendunum fellur kannski ekki í geð. Hugsanlega vill kennarinn fjalla um Tyrkjaránið sem atburð frá fleiri sjónarmiðum en hér eru borin fram. Þá verður hann að leita á fleiri mið þó að kaflarnir í kennslubókinni geti einnig verið til hjálpar. Samþykki kennarinn hins vegar nálgunina í kennslubókinni fær hann talsverða leiðsögn og verkefni í kennsluleiðbeiningum sem tilheyra efninu (Þorsteinn Helgason, 2004b).

Óhætt er að segja að nálgunin, þ.e. meginhugmyndirnar, í köflunum tveim um Tyrkjaránið í *Grjót-hrúgunni* ráðist af áhugamálum í nútímanum, jafnvel svo að hægt sé að benda beinlínis á þau mál sem ofarlega voru á baugi um það leyti sem bókin kom út. Annars vegar eru það almennar spurningar um stríð og frið en jafnframt sértækari um varnir Íslands. Málið reis hátt þegar Bandaríkjamenn lýstu yfir eindregnum vilja sínum til að yfirgefa herstöðina á Íslandi um þetta leyti og grundvallarspurningar vöknuðu: Hvaða hættur steðja að landinu – og hafa gert í tímans rás? Meginþemað í hinum kaflanum snýst um samskipti íslamska og kristna heimsins sem óneitanlega var brennandi mál eftir árásina á tvíburaturnana í New York árið 2001. Þó að þessi tvö meginmálefni eigi sér stoð í útgáfutíma bókarinnar er líklegt að kennarinn geti notað textann óháð hinum einstöku atburðum. Kaflinn um grannkonurnar tekur m.a. til aðferða og umfjöllunar *um* umfjöllunina. Þetta mætti kalla yfirtexta (e. metatext) og getur hann gegnt hlutverki í kennslubókum jafnt sem fræðitextum (Wikman, 2004, bls. 119-126). Einn undirkaflinn er hugleiðing um þekkingarfræði og nefnist „Hvernig vitum við þetta?“ Í kennsluleiðbeining-unum er þessu fylgt eftir með því að birtar eru frumheimildir um trúskipti Önnu Jasparsdóttur. Ennfremur fjallar kaflinn um tilvist og sjálfsvitund sem gefur tilefni til að almennrar og sögulegrar umræðu. Vitaskuld munu ekki allir tólf ára nemendur geta ráðið fram úr þessum viðfangsefnum og mikið er undir kennaranum komið, nú sem endranær. Þegar ný aðalnámskrá var gefin út árið 1999 fylgdi aukafjárveiting til Námsgagnastofnunar og styrkir voru auglýstir til námsgagnaútgáfu fyrir framhaldsskóla í nokkrum námsgreinum sem tóku miklum breytingum, þ.á.m. í sögu. „Nýja bókafélagið“ fékk allan styrkinn og var tilbúið með kennslubók fyrir fyrsta áfangann þegar árið eftir, í ritstjórn Lýðs Björnssonar, með lýsandi en ekki mjög skáldlegum titli, Íslands- og mannkynssaga NB I (Árni Hermannsson o.fl., 2000). Þrem árum seinna var komin önnur, frá öðru forlagi, undir heitinu *Fornir* tímar, með Gunnar Karlsson sem ritstjóra og aðalhöfund.

Þessar tvær sögukennslubækur eru ákveðið afrek þar sem sögu lands og heims er teflt saman, stundum samþætt en stundum hlið við hlið. Ritstjórarnir voru gamalreyndir sagnfræðingar og höfundar og til liðs við sig fengu þeir framhaldsskólakennara með reynslu af „akrinum“. Ritstjórnar- og forlagsvinnan er ítarlegri í *Fornum* tímum, atriðisorðaskráin er lengri og höfundar eru fleiri. Í báðum bókum er farið allnákvæmlega eftir aðalnámskrá og fyrirsagnir oft teknar þaðan. Þemahugsuninni er fylgt nákvæmar í bók Gunnars en tímaröðin er í hásæti hjá Nýja bókafélaginu. Í báðum tilvikum er hugað að löngum ferlum og þróunarlínum. Gunnar skrifar í formála: „...við höfum leitast við að skrifa samfellda, röklega frásögn eða greiningu, sem er auðveldara að tileinka sér en staðreyndahlaðið námsefni“ (Gunnar Karlsson o.fl., 2003). Gunnar og félagar leyfa sér að skrifa ítarlega um einstök atriði, stundum í einsögulegum anda, sundurgreina og velta vöngum. Kennslubók þeirra er lengri en bókin frá Nýja bókafélaginu sem er „staðreyndahlaðin“.

Tyrkjaránið á sér tryggan stað í báðum kennslubókum og er sett í alþjóðlegt samhengi, með nokkuð ólíkum hætti þó. Í bók Nýja bókaforlagsins á það heima undir meginkafla með heitinu „Landafundir, verslun og siglingar“ og tímabilið er um 1550-1700. Margrét Gunnarsdóttir, ein bókarhöfundanna þriggja, stendur fyrir þessum hluta. Hún setur Tyrkjaránið í samhengi aukinna siglinga og tengsla í heiminum þar sem Spánarveldið er virkur þátttakandi og á í útistöðum við enska sjóræningja. (Hér hefði mátt bæta við að Spánarveldið tók upp þann mótleik að gefa einkaaðilum sjóránaleyfi.) Í því samhengi kemur kafli um Tyrkjaránið með kaflaheitinu „Sjóræningjar við Íslandsstrendur“. Gunnar Karlsson setur ránið hins vegar í meginkafla um „ríki og þegna“. Samhengið er sótt í róstur og stríð á siðskiptatíma sem náði hámarki með þrjátíu ára stríðinu sem á vissan hátt leystist með hernaðarbyltingunni, einveldinu og kaupskaparstefnunni, sem sé með meira regluveldi. Í báðum tilvikum er Tyrkjaránið sett í trúverðugt samhengi þó það sé af ólíku tagi, í öðru tilvikinu efnahagslegt og tæknilegt en hinu pólítískt og hugmyndalegt.

Í köflunum sjálfum um ránið eru þræðirnir raktir áfram og efnið rætt og túlkað á ýmsa vegu um leið og söguþráður er rakinn. Þetta kemur til dæmis fram þegar fjallað er um uppruna ránsmanna en í báðum bókum er vitnað í elsta vitnisburð um þessi mál. Margrét vísar í Ólaf Egilsson þar sem hann ályktar af útliti ránsmanna. Sumir voru kristnir, segir hann, og þeir komu frá ýmsum löndum (Árni Hermannsson o.fl., 2000, bls. 199). Gunnar vitnar í yfirlitssögu Björns á Skarðsá þar sem hann formælir „trúníðingum“ sem hafi reynst verstir meðal illmenna (Gunnar Karlsson o.fl., 2003a, bls. 300). Í báðum bókum er því ljóst að þarna er ekki einungis um Tyrki að ræða, ekki einu sinni í gamalli merkingu. (Annað mál er að Margrét útskýrir ekki hver sú merking sé og Gunnar gerir það ekki nógu skýrt.) Þegar hér er komið sögu er ekki ólíklegt að lesandinn furði sig á því að ránsmannahópurinn hafi verið svona fjölskrúðugur. Þá trosna þræðirnir. Margrét gefur enga skýringu

en bætir því við að prælarnir í Algeirsborg hafi líka verið blandaður hópur og lesandinn verður enn ráðvilltari. Gunnar fléttar nokkru lengra og segir:

> ...margir ránsmanna virðast hafa verið upprunnir í kristnum menningarlöndum í Evrópu, menn sem höfðu slegið sér saman við norður-afríska múslíma til að geta stundað ránskap í kristnum löndum Evrópu.

Þetta er góð byrjun en framhaldið vantar og því veit lesandinn ekki af hverju sumir Evrópumenn hegðuðu sér á þennan hátt gagnvart menningarsamfélögunum sem fæddu þá.

Í kafla Gunnars um Tyrkjaránið spjallar hann um efnið, rökræðir og fellir dóma, stundum nokkuð persónulega:

> Landið [Ísland] var nokkurn veginn varnarlaust og langoftast hefur það verið landsmönnum mikil blessun. Samfélag sem þarf ekki að loka unga karlmenn af og þjálfa þá skipulega í að drepa fólk er auðvitað afar öfundsvert fyrir það.

„...finnst mér", gæti höfundurinn bætt við en þá myndi hann ganga gegn hefðum textagerðarinnar sem kennslubækur tilheyra. Þess vegna eru setningarnar með sniði fullyrðinga en stíllinn og tónninn er samt með umræðublæ en talar ekki alvitrum valdsmannsrómi. Höfundurinn talar til lesandans og það hjálpar nemandanum áleiðis, segja ýmsir rannsakendur (Långström, 1997).

Höfundurinn sker ekki úr öllum álitamálum og þverstæðum en varpar fram yrðingum og spurningum sem fá lesandann til að staldra við: „En einu sinni má segja að varnarleysið hafi orðið Íslendingum að verulegu tjóni" (Gunnar Karlsson o.fl., 2003a, bls. 298). Nú verður nemandinn – með hjálp kennarans – að taka afstöðu til spurningarinnar um varnarleysið. Var það slæmt? Eða var það nægilega „mikil blessun" til að vega á móti því eina skipti sem það brást? Stenst almenn regla ef hún bregst þegar mest á reynir? Hér verður kennarinn að koma til hjálpar og leiða umræðu um varnarmál eins og Gunnar hvatti þegar til í *Kóngsins mönnum.*

Kennslubækurnar og kennsluleiðbeiningarnar duga ekki einar og sér. Engu að síður álítur Gunnar að varnarmálin séu áhugaverðust við Tyrkjaránið þar sem hann ræðir atburðinn í kennsluleiðbeiningum: „Sagnfræðilega gefur það tilefni til að skoða og meta þá sérstöðu Íslendinga að vera varnarlausir en þægilega fjarlægir átakasvæðum heimsins" (Gunnar Karlsson o.fl., 2003b, bls. 121). Á einum stað í *Fornum tímum* verður höfundurinn írónískur þegar hann ræðir viðbrögð Íslendinga við ráninu:

> Ekki bar mikið á því í Vestmannaeyjum að það væru afkomendur víkinga sem Tyrkir mættu, því þar varð lítið um varnir. Afkomendur fornsagnahöfunda sóru sig aftur á móti meira í ættina, því að menn settust niður fljótlega eftir ránið og skráðu sögur af því. (Gunnar Karlsson, 2003a, bls. 299).

Þetta er gamansamur tónn og höfundurinn notfærir sér forhugmyndir nemenda um víkinga og sagnaritun. Í öðru samhengi hefur Gunnar talað gegn því að kalla landnámsmenn Íslands víkinga. Björn á Skarðsá kallaði korsarana sjóvíkinga eins og áður er nefnt. Víkingaheitið er alkunnugt og til margra hluta nytsamlegt. Það hefur kosti að nota gömul heiti en gallinn er sá að við þau loðir mikið hugmyndagóss og fortíðarflækjur. Orðið *korsarar* er laust við slíkt og tengist í staðinn franska og enska heitinu *corsair* sem haft er um franska og norðurafríska sjómenn sem herjuðu á og hertóku óvini og óvinaskip með leyfisbréf frá stjórnvöldum sínum upp á vasann. Korsaraheitið hefur þó ekki enn hafið innreið sína í íslenskar skólabækur eða almenna umræðu.

Í kaflanum í kennslubók Nýja bókafélagsins er talsvert af upplýsingum sem standa sem fullyrðingar án nægjanlegs rökstuðnings og samhengis. „Þrælaverslun Tyrkja var mjög umfangsmikil á þessum tíma," segir í kaflanum (Árni Hermannsson o.fl., 2000, bls. 199). Við hvað á að miða þegar dæmt er um umfangið? Lesandanum er hugsanlega efst í huga að bera saman við svörtu þrælasöluna yfir Atlantshafið sem var á byrjunarskeiði á dögum Tyrkjaránsins og hann spyr sig hvort þessi verslun hafi verið „mjög umfangsmikil" miðað við hana. Hér væri við hæfi að segja frá að þrælahald tíðkaðist víða um heim á þessum tíma, þar á meðal á og við Miðjarðarhafið, bæði í múslímaborgum Norður-Afríku, í kristna korsaravíginu á Möltu, á galeiðum Frakkakonungs í Marseille og á verslunartorgum í Livorno á Ítalíu.

Samanburður er vandasamur á fleiri stöðum. Í myndatexta er sagt að Ólafur Egilsson hafi verið „[e]inn fárra, sem komst aftur heim...“. Færð hafa verið rök fyrir því að tiltölulega margir Íslendingar hafi komið til baka úr herleiðingu til Norður-Afríku, samanborið við önnur lönd (Þorsteinn Helgason, 2013, bls. 299-304). En vissulega er hægt að fullyrða að fjörutíu af fjögur hundruð sé fátt fólk. Einn týndur sauður er leitarinnar virði þó að níutíu og níu séu hólpin. Hér er efni til umræðu og umhugsunar.

Í kennslubókunum tveim fyrir framhaldsskóla tekst á margan hátt vel að tengja Íslands- og mannkynssögu saman. Þannig ræðir Lýður Björnsson (í bók Nýja bókafélagsins) hvernig kristnir menn og múslímar mættust og kynntust í lok miðalda, tortryggni sem hafi ríkt lengi hjá Evrópumönnum og hafi m.a. lýst sér í ótta við „herhlaup frá Alsír löngu eftir að ræningjar þaðan frömdu hér hervirki 1627“ (Árni Hermannsson o.fl., 2000, bls. 160). Fleiri tækifæri liggja þó enn ónotuð, t.d. með því að vísa til „hvítu“ þrælasölunnar þegar sú „svarta“ er á dagskrá. Skyld hugmynd er notuð í *Fornum tímum* þegar fjallað er um þrælahald á Íslandi til forna. Þá er sett inn ljósmynd af amerískum þrælum með þeirri textaumsögn að þrælahald hafi staðið svo lengi í Ameríku að ljósmyndavélin hafi náð að festa það á mynd (Gunnar Karlsson o.fl., 2003a, bls. 137). Þarna eru vísdómsorð sem auðvelda skilning, innlifun og tengingar.

Þjóðernis- og einangrunarhugmyndir eru sterkar í íslensku þjóðlífi (eins og víðar). Því er ekki að undra að kræli á vissu afturhvarfi frá alþjóðasýninni sem einkennir námskrána frá 1999 og það námsefni sem fylgdi í kjölfarið. Árið 2010 kom út annað hefti í kennslubókaflokki sem ber lýsandi heiti, *Sögueyjan* (Leifur Reynisson, 2010). Hér er sem sé afmörkuð Íslandssaga á ferðinni. Tyrkjaránið fær ekki stað í alþjóðlegum siglingum eða þróun ríkisvaldsins heldur í „sérílenskum“ kafla sem nefnist „Bændasamfélagið“. Kennileitin eru dregin upp í byrjun kaflans: Tyrkjarán, stórabóla, kuldatíð og hallæri, móðuharðindi. Hins vegar ratar nokkuð af nýju rannsóknarefni og athugunum inn í kaflann, svo sem kórrétt skýring á Tyrkjaheitinu og fjölþjóðlegri samsetningu ránsmanna. Enn er hópurinn talinn hafa komið allur frá Alsír. Ekki er talað um varnir landsins og konungsvaldið er ekki til umræðu. Áhrifaríkast er það samhengi frásagnarinnar sem valið er – innan um fátækt og hörmungar innanlands (Leifur Reynisson, 2010, bls. 39-47).

Skip Tyrkjaránsmanna komu frá Norður-Afríku en um borð var fjölþjóðlegur hópur sjóræningja. Á þessum tíma voru múslimar yfirleitt kallaðir Tyrkir enda náði veldi þeirra um stóran hluta hins múslimska heims.

Mynd 4 - Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir: teikning í Sögueyjunni (2010).

Greining á frásögninni um Tyrkjaránið í Sögueyjunni væri þó ekki fullnægjandi ef ekki væri tekið tillit til myndarinnar sem fylgir umfjöllununinni (sjá *Mynd 4*). Hér sprettur fram femínísk túlkun atburðanna í meðförum teiknarans Þóreyjar Mjallhvítar H. Ómarsdóttur en sú túlkun á sér ekki stoð

í texta bókarinnar. Tveir fulltrúar feðraveldisins og vopnavaldsins ráðast á tvær konur og barn, ein kona liggur þegar í valnum. Annað mál er það hvort kennarar og nemendur koma auga á boðskap myndarinnar og hugleiða hann.

Tyrkjaránið sem byggðasaga

Tyrkjaránið var skilgreint sem þjóðminning mjög snemma. Engu að síður er skiljanlegt að staðir, sem voru beinlínis sögusvið atburðanna, hafi sérstöðu og þess finni stað í skólakennslu.

Á Austurlandi var Djúpivogur bækistöð ránsmanna og þar hefur minningu Tyrkjaránsins verið sinnt. Í mörg ár stjórnaði Ingimar Sveinsson grunnskólanum á staðnum en hann hefur skrifað allmikið um byggðina og sögu hennar og þar með um Tyrkjaránið (Ingimar Sveinsson, 1989, bls. 28-31). Sérstakt námsefni um þennan atburð er ekki tiltækt þó að það kunni að hafa verið til. Hins vegar er til námsefni frá Vestmannaeyjum sem notað var til skamms tíma og fleira hefur vafalaust verið til. Ránið hefur óneitanlega verið ríkur þáttur í vitund og minningu Vestmannaeyinga.

Varðveist hefur hundrað síðna langt hefti um sögu Vestmannaeyja sem þannig er skilgreint og höfundarmerkt: „Tínt saman, stolið, stælt og kennt hefur Birgir Þór Baldvinsson. Afrakstur fyrstu tilrauna til samfelldrar kennslu í sögu Vestmannaeyja í Barnaskóla Vestmannaeyja veturna ’80-’83.“ ([Birgir Þór Baldvinsson, 1983?]. Tuttugu árum síðar tóku þrír kennarar í Vestmannaeyjum sig til og endurskoðuðu heftið og sendu frá sér fjölrit upp á 48 blaðsíður ásamt verkefnum og kennsluleiðbeiningum. (Drífa Þöll Arnardóttir o.fl., 2002; sjá *Mynd 5*).

Frásögnin í þessum tveim heftum er lipur og létt og einkennist af staðkunnugleika enda óspart vísað til örnefna og staðhátta. Textinn er að miklu leyti „stolinn“, þ.e. úr áður útgefnum ritum, og svo er einnig um myndirnar þó að Birgir hafi í hefti sínu nokkuð af eigin teikningum. Lánstextanum er þó oft breytt og hann lagaður að nemendum sem búa á staðnum.

Tyrkjaránið er fyrirferðarmikið í þessum Vestmannaeyjasögum. Í hefti Birgis tekur það meira en fjórðung ritsins og í endurskoðun kennaranna þriggja fyllir ránið þriðjung heftisins, helmingi meira eldgosið árið 1973.

Í þessum byggðasöguheftum virðist kjörorðið vera „sama hvaðan gott kemur“. Lítið er skeytt um vitnisburð elstu frásagna. Ferðasögu Ólafs Egilssonar er getið í kennsluheftunum en úr henni er aðeins notaður hlutinn um heimferð hans. Um Önnu Jasparsdóttur segir: „Er sagt, að Anna hafi engan áhuga haft á því að snúa aftur til Íslands...“ (Birgir Þór Baldvinsson, 1983?, bls. 67). Þarna hefði mátt vitna í bréf föður hennar. Sagt er að sögur af ráninu hafi gengið frá kynslóð til kynslóðar allt til þessa dags þó að líklegast sé að munnlegar frásagnir hafi jafnan fengið næringu í rituðu frásögnunum. Vafalaust hefur vitund um ránið verið til staðar í Eyjum sem sameiginleg minning og lifað að mörgu leyti sjálfstæðu lífi, óháð ritunum sem líklega voru ekki almennt í höndum eyjamanna (Þorsteinn Helgason, 2013, bls. 354-360). Um það vitna sögurnar um Sængurkonustein og Hundraðsmannahelli sem ekki eru nefndir í skrifuðu frásögnunum en eru einn veigamesti þátturinn í munnlegum frásögnum af ráninu á staðnum.

Ekki er að merkja neitt hnútukast í garð Dana í kennsluheftunum. Sagt er frá varnarviðbúnaði þeirra og flótta til meginlandsins með jákvæðu orðalagi. Ræningjana kallar Birgir einfaldlega „illþýði“ og skýrir bakgrunn þeirra ekki nánar. Það gera hins vegar Drífa, Elísa og Sæfinna og fara kórrétt með Tyrkjahugtakið sem almennt heiti á múslímum á tímum ránsins (Drífa Þöll Arnardóttir o.fl., 2002, bls. 11). Kann að vera, segja stöllurnar þrjár, að þessi ummæli skýrist af því að múslímskar konur þurftu að hafa blæjur fyrir andliti og máttu ekki tala við karlmenn utan fjölskyldunnar (Drífa Þöll Arnardóttir o.fl., 2002, bls. 21-22).

Mynd 5 – Sýnishorn úr *Sögu Vestmannaeyja*, kennsluhefti eftir Drífu Þöll Arnardóttur, Elísu Kristmannsdóttur og Sæfinnu Ásbjörnsdóttur.

Skammt fyrir ofan bæinn í Vestmannaeyjum er steinn nokkur, tvær til þrjár stikur á hæð. Um hann er sögn sú, sem hér fer á eftir:

Þegar Tyrkir rændu síðast í Eyjunum, fundu þeir við steininn konu, sem hafði alið barn. Annar vildi drepa hana, en hinn skar lak af skikkju sinni og gaf henni til að sveipa barnið í, og bjargaði hann bæði konunni og barninu. (Sögur og sagnir úr Vestmannaeyjum, 61)

Þetta málverk af tyrkjanum við Sængurkonustein hangir uppi á Byggðasafni Vestmannaeyja.

Árið 2006 notuðu kennarar við Barnaskóla Vestmannaeyja ekki lengur þetta kennsluhefti, að sögn Hjálmfríðar Sveinsdóttur skólastjóra, þar sem Námsgagnastofnun hafði nú gefið út mikið efni um ránið. Líklegt er þó að áfram verði grundvöllur fyrir sérstöku staðbundnu námsefni um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum.

Tyrkjaránið sem sjálfstætt nemendaverkefni

Stundum er útgefnum námsgögnum lýst sem fjötri á lifandi kennslu. „Kennslubókastýrð kennsla“ er ekki hátt skrifuð meðal þeirra sem telja sig framsækna skólamenn (Þorsteinn Helgason, 2011). Í stað þess er litið jákvæðari augum að nemendur afli sér upplýsinga sjálfir eftir mismunandi leiðum.

Hér þarf að staldra við og gera athugasemdir. Þó að kennari og nemendur noti útgefin námsgögn þurfa þau námsgögn ekki að vera heftandi og geta jafnvel hvatt til gagnrýninnar hugsunar og sjálfstæðrar upplýsingaöflunar (Þorsteinn Helgason, 2011). Og kennarar geta notað hvaða námsgögn sem er á gagnrýninn og skapandi hátt. Ennfremur er sá kostur við útgefin námsgögn að þau eru yfirleitt vönduð, yfirlesin, gæðametin og löguð að aldursstigi og þroska nemenda. Auk þessa er sá hængur á, ekki síst í litlu málsamfélagi, að oft er úr litlu að moða af hentugu og vönduðu efni þegar nemendur fara að leita.

Útgefin námsgögn um Tyrkjaránið hafa aldrei verið eins mikil og fjölbreytt og nú um stundir eins og fram kemur hér á undan. Auk þess efnis sem þar er nefnt stendur skólum til boða heimildamynd í þrem hlutum sem að vísu er ekki gerð sérstaklega fyrir kennslu en henni fylgja kennsluleiðbeiningar sem auðvelda notkunina (Þorsteinn Helgason, 2002a og 2002b).

Nemandi sem ætlar sér að afla upplýsinga um Tyrkjaránið utan útgefinna námsgagna byrjar kannski leitina á Leitir.is, leitarvef íslenskra bókasafna þar sem Gegnir.is er uppistaðan. Þar koma nú (11. nóv. 2016) upp 86 færslur. Ýmislegt er þar nýtilegt, sumir rafrænt og aðgengilegt og mörg skólabókasöfn eiga eitthvað af ritum sem þar er vísað til eða yfirlitsrit þar sem fjallað er um Tyrkjaránið.

Af yfirlitsritum sem til eru í mörgum skólum má nefna nefna Íslenskan söguatlas sem kom út í endurskoðaðri útgáfu árið 2005. Margir koma þar að verki og höfundur kaflans um Tyrkjaránið er Hulda Sigurborg Sigtryggsdóttir. Kaflinn rúmast á stórri opnu í fallegri hönnun með þrem vel gerðum kortum sem sýna leiðir korsaranna og heimleið Ólafs Egilssonar, tvær samtímateikningar, ljósmynd af Skansinum í Vestmannaeyjum og hluta af ættartré Hallgríms Péturssonar og Guðríðar Símonardóttur. Textinn er skýr og skilmerkilegur þar sem atburðurinn er settur í samhengi danskra varna á Íslandi sem hafi brugðist vorið 1627 vegna þrjátíu ára stríðsins. Hulda lýkur kaflanum með því að segja að Íslendingar hafi neitað að taka þátt í kostnaði af vörnum landsins svo að Danir hafi þurft að bera byrðarnar áfram af því að verja þessa hjálendu sína. Á bak og burt er lýsing á kúguðum nýlendubúum og fram stígur hópur sem hefur um eitthvað að velja. Nokkrar atriðavillur er þó að finna, svo sem hina algengu að allir ránsmenn hafi komið frá Algeirsborg. Þetta stríðir m.a.s. gegn korti sem sýnir glöggt að sumir þeirra komu frá Marokkó. Tengslum megintexta og mynda er nokkuð ábótavant.

Fleira má finna nytsamlegt í prentuðum ritum sem nemendur geta nýtt sér, t.d. langan kafla í sögu Vestmannaeyja (Sigfús M. Johnsen, 1946), sögulegar skáldsögur og fleira til. En nemendum er tamt að sækja í leitarvélina Google til að finna upplýsingar og orðið „Tyrkjaránið“ gaf 9.630 færslur 4. febrúar 2007. Rúmlega þrem árum seinna, 11. ágúst 2010, gaf þessi leit um 34.000 færslur og 23. sept. 2012 voru þær orðnar 93.900 talsins (11. nóv. 2016 teljast þær af einhverjum ástæðum, e.t.v tæknilegum, aðeins 19.200).

Þetta er mikið magn og með því mesta sem gerist um atburði í sögu Íslands. Ein færsla sem kemur fram er ætluð nemendum. Það er Ágrip af sögu Vestmannaeyja sem Eygló Björnsdóttir er skrifuð fyrir. Inntakið er þó að mestu sótt í hefti Birgis Björns Baldvinssonar sem áður er nefnt, þar með taldar myndir þó að nokkrum sé bætt við, þ.á.m. nokkrum ljósmyndum Eyglóar sjálfrar (Eygló Björnsdóttir, 1998/2000). Vefurinn var gerður meðan hún var kennari í Vestmannaeyjum. Efninu er skipt í aðgengilega kafla en situr uppi með sömu annmarka og kennsluheftið.

Annar áhugasamur kennari, Halldór B. Ívarsson, hefur búið til vef um Tyrkjaránið af hugkvæmni og notar tækifærið til að kenna ritgerðasmíð í leiðinni (2007). Tveir kennarar, Auður Ögmundsdóttir og Ívar Sigurbergsson, hafa útbúið fjölþættan vef um sögusvið og persónur Tyrkjaránsins í Vestmannaeyjum ([án ártals]). Báðir þessir vefir eru líklegir til að auka áhuga nemenda en ekki virðist liggja mikil heimildavinna á bak við þá og er þar margt umdeilanlegt.

Vestmannaeyjabær hefur styrkt nokkur upplýsingaverkefni þar sem Tyrkjaránið hefur komið við sögu. Eitt er vefsetrið *Heimaslóð* þar sem er alllangur kafli um ránið (2005-2009). Þar kemur staðþekking fram en nákvæmni og heimildahollusta eru ekki æðstu dyggðir vefsins.

Nemendur og kennarar leita oft upplýsinga á Vísindavefnum sem nýtur trausts þar sem háskólasamfélagið stendur að honum. Jafnframt er efnið aðgengilegt og að jafnaði sett fram á skiljanlegan hátt. Þar er nokkrar síður að finna um Tyrkjaránið sem höfundur þessarar greinar var beðinn að semja (Þorsteinn Helgason, 2006a-d).

Efnið um Tyrkjaránið á vefnum er allmikið umfangs og fjölbreytt. Vandi nemandans er að meta gæði þess og á hverju það byggist þar sem heimilda er sjaldan getið. Þessi vandi er ekki bundinn við Tyrkjaránið og varðar leikni og hæfni notandans til að fást við slíkt efni, átta sig á uppruna þess, aðstandendum og framsetningarhætti.

Fengur er að því að elstu heimildirnar, eins og þær eru prentaðar í útgáfu Sögufélags í byrjun 20. aldar og eru lykill að öllum rannsóknum á Tyrkjaráninu, eru nú aðgengilegar á netinu fyrir tilstilli Landsbókasafnsins (baekur.is). Þessi útgáfa verður varla notuð í grunnskóla nema með mjög ákveðnum leiðbeiningum og svipað á raunar við um efri skólastigin.

Niðurstöður um einkenni og þróun

Tyrkjaránið stendur föstum fótum í sameiginlegri minningu þjóðarinnar. Þess er getið, í mismiklum mæli, í öllum námsgögnum í sögu frá 1880 til 2010 sem könnuð voru í þessum tveim Netlugreinum. Hve mikil áhersla er lögð á það virðist ráðast af þrem þáttum:

1. Ef kennslubók fylgir vissum formgerðum, vefur t.d. hagsögulega eða félagslega þræði, getur Tyrkjaránið truflað þann vefnað. Þannig var um bók Arnórs Sigurjónssonar á fjórða áratug 20. aldar þar sem ránið kom engu að síður inn bakdyramegin fyrir tilstilli persóna menningarsögunnar. Aðalhöfundar *Alda bændasamfélagsins* fundu Tyrkjaráninu ekki stað en aukahöfundi þótti rétt að hafa það með sem bókasafnsverkefni. Í *Sjálfstæði Íslendinga* er atburðurinn leynigestur sem birtist í miðri einokunarversluninni sem lítil teiknimyndasaga. Í fljótu bragði mætti ætla að sterk þjóðernishyggja gerði Tyrkjaráninu ekki hátt undir höfði þar sem það þjónaði ekki hugmyndafræði hennar. Þetta tókst samt í meistaraverki þjóðernishyggjunnar, Íslandssögu Jónasar frá Hriflu, þó að talsverð stílbrögð þyrfti til svo að atburðurinn yrði lesinn með þjóðernisgleraugum.

2. Tilhögun og formgerð efnisins í sögukennslubókunum getur einnig verið með þeim hætti að Tyrkjaránið falli þar inn í sem sjálfsagt og jafnvel ómissandi atriði. Þannig háttaði til í kennslubókum sem komu í kjölfar aðalnámskrárinnar 1999. Aðalástæðan var sú að saga Íslands var hugsuð sem hluti af heimssögunni og þannig gat Tyrkjaránið t.d. fallið undir heimssiglingarnar eða setja mátti það í samhengi við styrkingu ríkisvalds og hernaðarbyltinguna á 16. og 17. öld. Fleiri möguleikar geta opnast með þessum hætti, t.d. í samhengi þrælahalds og þrælasölu í heiminum.

3. Þegar formgerð námsefnistextans er ekki fastbundin, t.d. þar sem höfundar þræða sig áfram með tímaröðina sem helsta haldreipi, ratar Tyrkjaránið inn í textann. Þetta verður best túlkað sem merki um sterka stöðu þessa atburðar í þjóðminningunni. Í kennsluleiðbeiningum með *Fornum tímum* segir t.d.: „Tyrkjaránið er auðvitað eitt af þessum sjálfsögðu þekkingaratriðum í sögu Íslendinga“ (Gunnar Karlsson o.fl., 2003b, bls. 121).

Rými og áhersla Tyrkjaránsins í sögukennslubókum hefur þannig ráðist af meginstefnu hvers höfundar. En er hægt að sjá einhverjar þróunarlínur og heildarbreytingar á umfjölluninni í námsgögnunum þau 130 ár sem um er að ræða? Eru einhverjir þættir fastir og endurtaka sig?

Hér er umfjöllun kennslubókanna um Tyrkjaránið flokkuð í allmarga valda efnisþætti (sjá *Mynd 6)* og síðan verður tekið saman og rætt um áberandi áhersluatriði.

Höfundar og útgáfuár	Efnisatriði																								
	Heimsástandið	Staðhættir	Varnir	Siglingar	Sjórán	Ræningjasamfélög	Aðdragandinn	Ránið í heild	Hamfarir	Grindavík	Bessastaðir	Austurland	Vestmannaeyjar	Persónusaga	Trúskipti	Ánauð	Útlausn	Menningarsamskipti	Ísland-Danmörk	Siðklemmur	Afleiðingar	Sagnaritunin	Brot úr frumheimildum	Heimildaryni	Minning
Þorkell Bj. 1880								x			xx		x					x	x						
Halldór Briem 1903								x			x		x												
Bogi Melsteð 1904			x	x				x			x		x						x						
Jón J. Aðils 1915								x		x	xxx		x	x					x						
Jónas frá Hriflu 1916		x				xx	x			x	xx	x	xxx	xx			x	x	x						
Arnór Sigurj. 1930														x								x			
Ól.Þ.Kristj. o.fl. 1960		x						x	xx				x												
Har. Matth. 1966								x		x		xx	x	x											
Þórl. Bjarnason 1968					x	x	x	x					x				x								x
Guðrún Ól. 1970			x	xx				x																	x
Lýður Bj. 1973			xx	x	xx			x			x			x			x		x				x		x
Ein. Laxness 1979			x			x	x			x	x	x	x	x			x								x
Birgir Þór Baldv. 1983		xx	xx	x	xx	x			xx				xxx	xxx	xx	xx	xx	x	x	x	xx	x			x
Drífa,Elísa, Sæf. 2002		xx	xx	x	x	x		x	xx	x	x	x	xxx	xx	x	xx	xx	x	x	x	x	x	x	x	
Gunnar Karlss. 1986		x	x			x		x					x	xx		x	x	x		x		x			x
Gunnar Karlss. 1990			xx		x	x				x	xx	x	xx	xx		x	x		x			x	xx	x	
Árni Daníel, J.Ó.Ísb 1992														x								x	x		
Helgi Sk., Hallg. 1998									x				x	xx											
Margrét Gunn. 2000	x		x	x	x	xx							x	x		x	x						xx		xx
Þorsteinn Helg. 2004			xxx			x		x					x	xxx	xxx	xx	x	x	x	xx			x	xx	
G.Karlsson o.fl. 2005	x		xx			x			xx	x	xx	x	xx	x		x	x					x	xx	x	
Leifur Reyn. 2010	x	x			x	x		x	x	x		x	x				x				x				x

Mynd 6. Námsgögn í sögu 1880-2010 þar sem fjallað er um Tyrkjaránið. Fjöldi krossa (x) gefur til kynna hlutfallslega efnisáherslu innan námsefnisins (kennslubókarinnar).

Þegar litið er á yfirlitstöfluna sést að Vestmannaeyjar eru jafnan fyrirferðarmikið inntaksatriði. Þetta má kallast eðlilegt þar sem blóðtakan var mest þar en fleira getur komið til. Hugsanlegt er að höfundar sjái þar tækifæri til að rétta hlutföll af þar sem eyjanna er ekki oft getið af öðru tilefni. Birgir Þór Baldvinsson, höfundur kennsluheftisins um sögu Vestmannaeyja sem áður er nefnt, orðaði þetta þannig í fyrirlestri árið 1982:

> Að undanskildum síðasta áratug hefur lítið farið fyrir Vestmannaeyjum í sögu þjóðarinnar. Héðan er getið fárra stórmenna, sem markað hafa spor í Íslandssöguna, héðan eru forn afrek fá, sem varðveist hafa í rituðum heimildum.

Svipaðar röksemdir eru notaðar í kaflanum í *Fornum tímum* fyrir því að fjalla um Tyrkjaránið á Austurlandi, nefnilega að ekki hafi gefist tilefni til að víkja að þeim landsfjórðungi fram að því.

Oftast hefur verið fjallað um einstakar persónur Tyrkjaránsins í kennslubókunum. Holgeir Rosenkrantz höfuðsmaður var í aðalhlutverki í fyrstu bókunum og hann hefur verið í sviðsljósinu síðan þó að fleiri hafi bæst við. Honum er þó ekki lýst sem einstaklingi heldur fulltrúa konungsvaldsins sem stjórnaði vörnum á Bessastöðum. Matið á frammistöðu fulltrúans hefur hins vegar breyst með tímanum. Sjaldgæft er að Danir birtist sem einstaklingar í sögukennslubókum. Undantekningarnar eru helst Rasmus Christian Rask þar sem hann tileinkaði sér íslenskt mál með ágætum og Jörundur hundadagakonungur vegna þess að hann gerði uppreisn gegn danska konungsvaldinu. Danir voru „hinir“ í kennslubókunum. Merkja má viðleitni til breytinga á þessu síðustu ár, t.d. þar sem einokunarverslunin er kynnt til sögunnar með geðþekkan danskan kaupmann sem leiðarþráð (Þorsteinn Helgason, 2004a, bls. 56-60).Sá einstaklingur sem oftast er tengdur Tyrkjaráninu síðustu áratugi er án efa Guðríður Símonardóttir og hennar er getið í nær öllum kennslubókum fyrir utan þrjár hinar fyrstu. Hvers vegna hennar er ekki getið þar er erfitt að segja en bent hefur verið á hve orðræðan var karllæg við mótun þjóðernishyggjunnar (Sigríður Matthíasdóttir, 2004, bls. 77-84). Í Íslandssögu Jónasar Jónssonar frá 1915 er hennar getið í kafla um eiginmanninn, Hallgrím Pétursson, en í sérstaka kaflanum um Tyrkjaránið eru engir einstaklingar nafngreindir. Svipað fyrirkomulag er á hlutunum hjá Nýja bókafélaginu 85 árum síðar. Síðustu þrjátíu árin hefur Guðríður fengið mikið rými í kennslubókunum og grannkona hennar, Anna Jasparsdóttir, hefur skotist inn í bækurnar þrátt fyrir að vera trúskiptingur – eða öllu heldur vegna þess, vegna breyttra viðhorfa í samfélaginu. Vitundin um hlutverk og stöðu kynjanna hefur skerpst á seinni árum og áratugum og það kemur einnig fram þegar fjallað er um fortíðina. Þegar fyrsta bindi kennslubókarinnar *Sögueyjan* kom út árið 2009 brugðust jafnréttissinnar hart við þar sem verulega hallaði á kynin og þótti það stinga í stúf við samfélagsvitund síðustu ára (Þorsteinn Helgason, 2011).

Í byggðasögulegu námsheftunum stíga fleiri persónur fram á sviðið en í miðlægu námsgögnunum. Þetta er út af fyrir sig eðlilegt þar sem heildarumfangið er meira en hlutfallslega eru persónurnar einnig fleiri og fyrirferðarmeiri. Í hefti Birgis Þórs Baldvinssonar frá 1983 er gefið rými fyrir sjaldséðar mannverur, svo sem Önnu Jasparsdóttur og Jón Vestmann.

Danir eru ekki lengur sökudólgar í Tyrkjaráninu. Raunar voru ávallt takmörk fyrir því hve mikið var hægt að ásaka þá en Jónasi frá Hriflu tókst þó að hnýta í þá fyrir slæmar varnir, hugleysi og fleiri sakir. Varnirnar við Bessastaði og frammistaða Holgeirs Rosenkrantz voru lengst af helsti ásteytingarsteinninn þó að ásakana gæti ekki svo mjög í allra fyrstu kennslubókunum. Í lok tímabilsins hverfa þessar ásakanir. Óvíst er hvort hér ræður breyttur tíðarandi eða nýjar rannsóknir, nema hvorttveggja sé. Viðhorfið til ríkisvaldsins breyttist á tímabilinu, frá því að sjá í því erlent kúgunarvald til jákvæðari sýnar á regluveldi og réttaröryggi hjá sterkara ríkisvaldi sem vildi svo til að var danskt-íslenskt. Áfram hafa höfundarnir áhuga á pólitískum þáttum málsins þó að þeir taki ofan sjálfstæðisbaráttugleraugun.

Tyrkjaránið sem kastljós á varnir Íslands í heild sinni hefur vakið áhuga kennslubókarhöfunda frá því um 1970. Varnarmálin hafa verið ofarlega á dagskrá í landinu síðan í seinni heimsstyrjöld og því ekki ólíklegt að sú dagskrá hafi áhrif á sýnina á fyrri aldir og lykilatburði þeirra. Síðustu áratugi gætir einnig vaxandi áhuga á alþjóðasamskiptum á fyrri tíð og Tyrkjaránið er sett í samhengi þeirra. Einnig er fjallað um stríð og ofbeldi á almennum nótum í ljósi ránsins 1627.

Í lok sjöunda áratugar 20. aldar var í nokkrum kennslubókum farið að tala um óttann við Tyrki sem hafi setið lengi í Íslendingum. Hugsanlega er hér um að ræða bergmál frá hugarfarssögu sem var að mótast á þessum tíma.

Í bók sinni, *Molding the Good Citizen. The Politics of High School History Texts*, hafa þrír bandarískir fræðimenn reynt að meta val á einstaklingum í sögukennslubókum með því að telja dálksentimetra og myndafjölda, flokka eftir kyni, þjóðerni, kynþætti, menningarhópum, fjölskyldustöðu, trú, menntun, tekjum og starfsgreinum og meta síðan umsagnir um einstaklingana á kvarðanum jákvætt-neikvætt (Lerner o.fl., 1995). Fræðimönnunum var ekki skemmt yfir þeirri niðurstöðu sinni að umfang og vægi kvenna, blökkumanna og indíána hafði aukist, einkum eftir 1960. Þeir töldu að námsgagnaútgáfur hefði gerst sekar um

> að auka vægi minni háttar persóna og atburða án þess þó að hunsa alveg helstu persónur og atburði í hefðbundnu yfirliti yfir bandaríska sögu (Lerner o.fl., 1995, bls. 56).

Aðalástæðuna til þessara breytinga sjá þeir í áhrifum róttækra skólamanna allt frá John Dewey. „Og róttækir jafnaðarsinnar hafa haft meira og meira að segja um sögukennslu, a.m.k. ef marka skal námstexta í framhaldsskólum“ (Lerner o.fl., 1995, bls. 152).

Er hægt að greina svipaða þróun í vali á persónum í Tyrkjaránsköflunum í íslenskum kennslubókum? Óneitanlega hefur kynjahlutfallið breyst með því rými sem Guðríður Símonardóttir hefur fengið og að Önnu Jasparsdóttur hefur verið boðið til leiks. Hvarvetna er Guðríðar getið á jákvæðan hátt og hvergi minnst á þjóðsögur um hjátrú og heiðna siði sem hún átti að hafa viðhaldið eftir vistina í Norður-Afríku og voru talin henni til hnjóðs.

Fræðimennirnir þrír, sem áður eru nefndir, virðast telja nokkuð gefið hvað séu „helstu persónur“ þó að þeir greini ekki frá mælikvörðum sínum nema að þær tilheyri „standard panorama“. Það er út af fyrir sig rétt að hefðir ráða miklu um val á persónum í sögukennslubókum og mynda eins konar tregðulögmál gegn breytingum. Guðríðar er ekki getið í elstu frásögnum af ráninu á 17. öld og Hallgrímur Pétursson skrifar hvergi um reynslu hennar í ritum sínum. Í því ljósi má segja að Guðríður hafi verið sett inn í kennslubækurnar sem „ein af hinum minni háttar og áhrifalitlu kvenpersónum sem ekki voru nauðsynlegar fyrir framvindu frásögunnar“ eins og bandarísku þremenningarnir segja að gerst hafi í sögukennslubókum í landi þeirra síðustu áratugina (Lerner o.fl., 1995, bls. 65). Guðríður var þó þegar orðinn þekkt bókmenntapersóna í leikritum, skáldsögum og fræðigreinum þegar hún birtist í kennslubókunum.

Bandaríska fræðafólkið staðhæfir einnig að með þessu háttalagi veikist „sameiginlegt menningarlæsi“ (the common cultural literacy) nemendanna. Þar hafa fræðimennirnir nokkuð til síns máls, þ.e. ef með menningarlæsinu er átt við ríkjandi orðræðu og sameiginlegt minni á hverjum tíma sem hverjum manni er hollt að kunna á skil á. En höfundar kunna að vilja sveigja þessa orðræðu og minni inn á nýjar brautir, jafnvel þó að þeir fylgi meginstraumnum að jafnaði. Auk þess getur persóna í sögukennslubók gegnt fleiri hlutverkum en sagnfræðilegum. Sagnfræðin getur sett fram kröfu um að persónan hafi sannanlega haft áhrif eða a.m.k. að hefð sé fyrir því að hafa ákveðnar persónur með. Kennslubókarhöfundurinn getur hins vegar haft kennslufræðileg sjónarmið í huga og ætlað persónu rými vegna þess að hún varpi ljósi á tímabil, aðstæður eða lífsafstöðu. Persóna getur verið vel fallin til að auðvelda innlifun og samsömun nemandans. Ekki verður þó fram hjá því komist að til séu nægjanlegar heimildir og aðrar upplýsingar um viðkomandi persónu svo að frá einhverju sé að segja. Höfundarins er síðan að sannfæra lesendur um að einstaklingurinn, sem sagt er frá, skipti máli og uppfylli ekki einungis það hlutverk t.d. að fjölga kvenpersónum sem hægt er að telja og færa til bókar.

Þessi tvö áðurnefndu inntakseinkenni, áherslan á Vestmannaeyjar og á einstakar persónur, eru ekki án undantekninga. Baráttan um Bessastaði fékk mikið rými í fyrstu kennslubókunum og persónusagan er ekki ríkjandi í Tyrkjaránskaflanum í kennslubókinni sem þekkt er fyrir persónusögu, Íslandssögu Jónasar frá Hriflu.

Frumsögur Tyrkjaránsins

Um Tyrkjaránið er fjallað í kennslubókum með ólíkum formerkjum, í mismunandi samhengi og með ýmsum frásagnarhætti. Til að auka skilning á þessu getur verið gagnlegt að nota hugtök á borð við *frumsögu* (fr. metarécit, e. metanarrative) og *stórsögu* (e. grand narrative, master narrative). Með þeim er átt við heildarboðskap eða skýringarramma sögulegrar frásagnar. Þessi hugtök hafa verið notuð á nótum póstmódernisma og póstkólóníalisma, oft sérstaklega tengd franska

heimspekingnum François Lyotard, og lýsa tortryggni í garð fyrirbærisins. Hver einstök lítil frásögn á því í staðinn að njóta sín án þess að hún sé sett inn í stórt kerfi og samhengi.

Flóttinn frá frumsögunum er næsta fánýtur þar sem hver frásögn, lýsing og greining hlýtur að vísa til stærra samhengis eða bera það með sér vísvitandi eða ómeðvitað. Án þess er söguleg frásögn merkingarlítil. Meira er um vert að gera sér grein fyrir því í hvaða frumsögu höfundar eru staddir en fljóta ekki sofandi með straumi, hvort sem kenna má hann við framfarahugsun upplýsingarinnar, díalektíska efnishyggju marxismans, frelsunarboðskap þjóðernishyggjunnar eða eitthvað annað.

Póstmódernistar eru þó ekki allir á því að frumsögur séu óalandi og óferjandi.

> Þó að sagan sé ekki samhangandi í augum póstmódernísks skoðanda og þó að fortíðin sé ekki orðin nema ummerki þarf sagnfræðingur póstmódernismans ekki að afneita fléttu og rauðum þræði sögunnar. En þessi sagnfræðingur gerir sér grein fyrir að þráðurinn og hin merkingarbæra heild er skáldskapur sem ekki býr í fortíðinni sjálfri (Wadenström, 1998).

Ef við gefum okkur þannig að í frásögnum af Tyrkjaráninu búi jafnan frumsaga vaknar spurningin: Er hægt að ráða í frumsöguna sem að baki býr? Hér er gerð tilraun til að orða nokkrar frumsögur með ákveðnum dæmum.

- Frumsaga 1. *Tyrkjaránið var hluti af hnignuninni á 17. og 18. öld þar sem dönsk stjórn, einokunarverslun, galdratrú, einveldi, hallæri, drepsóttir og eldgos voru hinir hlutarnir. Þetta skal haft í huga þegar gætt er að tímabilunum á undan og eftir.*
  Dæmi: Jón Aðils 1915.

- Frumsaga 2. *17. og 18. öld voru eymdartímabil vegna danskrar valdstjórnar og veðurfarsins. Þrátt fyrir þetta voru uppi framúrskarandi einstaklingar og meðal þeirra fremstu var Hallgrímur Pétursson sem giftist Guðríði Símonardóttur sem var hertekin í Tyrkjaráninu en leyst út og kom til baka.*
  Dæmi: Arnór Sigurjónsson 1930.

- Frumsaga 3. *Hugsið ykkur, kæru börn, að eitt sinn urðu hamfarir í landi okkar og því skulum við vera þakklát fyrir frið og frelsi sem við njótum nú.*
  Dæmi: Ólafur Kristjánsson 1960.

- Frumsaga 4. Úti í hinum stóra heimi voru stórveldi og sjóræningjar að verki og eitt sinn urðum við leiksoppar óeirða og stríða eins og aðrar þjóðir Evrópu.
  Dæmi: Margrét Gunnarsdóttir 2000.

- Frumsaga 5. *Við búum í heimi þar sem stöðugt er hætta á menningarárekstrum, hefndarverkum og ofbeldi. Því er mikilvægt að túlka ekki atburði Tyrkjaránsins á þann veg að þessi hætta aukist heldur verði þeir umhugsunarefni og sáttaboð.*
  Dæmi: Þorsteinn Helgason 2004.

- Frumsaga 6. *Mikilvægt er að geta rökrætt um atburði á borð við Tyrkjaránið sem heyra til sameiginlegu minni sem allir þekkja og geta vísað til.*
  Dæmi: Gunnar Karlsson 2005.

Ef eitthvað er til í þeim frumsögum sem hér eru settar fram sést að Tyrkjaránið ber ekki að einum brunni heldur má skoða það og túlka á marga vegu. Ef tekið er dæmi til samanburðar af öðrum þekktum atburði í þjóðarsögunni, einveldistökunni árið 1662, þá hefur túlkun hans einnig breyst með tímanum, bæði vegna almennra viðhorfsbreytinga og í framhaldi af sérstökum rannsóknum (Sigurður Ólason, 1964). Túlkanirnar halda sig þó að mestu á sama sviði, þ.e. hinu pólitíska, og varða einkum samskipti Íslands og Danmerkur en einnig hlutverk ríkisvaldsins og að einhverju leyti þær persónur sem voru helstu leikendur á sviðinu.

Ef tekinn er samanburður við sænska sögu liggur vel við að athuga atburð sem átti sér stað í Ådalen árið 1931 þar sem stéttaandstæður kostuðu líf nokkurra kröfugöngumanna. Sagnfræðingurinn og kennslufræðingurinn Roger Johansson hefur rannsakað þennan atburð í þaula, m.a. umfjöllun

um hann í kennslubókum. Niðurstaða hans er að atburðarins sé ekki almennt getið fyrr en um 1970 þegar samfélagsumræðan gerðist róttækari. Þá verður Ådalen tákn um gamla stéttasamfélagið áður en sættir tókust og til varð það sem fékk heitið „folkhem“ (alþýðuheimili): „Ådalen lýsir því einfaldlega hvernig Svíþjóð leit út áður en alþýðuheimilið varð til og alþýðuheimilið lýsir því síðan hvernig hlutirnir urðu eftir það“ (Johansson, 2001, bls. 350). Þessi túlkun hefur síðan verið ríkjandi en Roger Johansson ímyndar sér að svo þurfi ekki að vera um alla framtíð. Á landsvísu, og þar með í kennslubókunum, gegnir þessi atburður pólitísku hlutverki en í byggðasögunni fara einstaklingarnir einnig að skipta máli.

Frumsögurnar um Tyrkjaránið eru margs konar vegna þess að þær eru ekki einungis á einum kvarða, þ.e. þeim sem varðar innanlandsstjórnmál. Þær snúast um alþjóðamál og þær eru einnig trúarlegar og tilvistarlegar, vekja spurningar um líf og dauða og grunngildi manneskjunnar. Og Tyrkjaránið er fyrir löngu orðið menningarminning og viðmiðun í umræðu.

Þó að gagnlegt sé að leita frumsögunnar í sögukennslubókum er umfjöllunin sjaldan fjötruð í einni frumsögu. Hún býr yfir meiru því höfundurinn gefur meðvitað og ómeðvitað upplýsingar sem geta leitt til mismunandi ályktana og hugleiðinga. Höfundur getur komið persónulegum sjónarmiðum á framfæri og opnað nýja glugga fyrir lesandanum (Långström, 1997). Jafnvel þegar frumsagan er skýr, og kannski einkum þegar svo er, getur kennarinn stillt henni upp til skoðunar og notað hana í breyttum tilgangi.

Hvað má gera við Tyrkjaránið

Tyrkjaránið hefur jafnan átt tryggan stað í kennslubókum í sögu á Íslandi. Það hefur verið notað í ýmsum tilgangi og það hefur einnig verið tekið með þegar höfundarnir hafa ekki alveg vitað hvað þeir ættu að gera við það. Það er einstakt í sögu landsins og er því bæði ögrandi og vandasamt að fjalla um, fast í minni þjóðarinnar, lítt þekkt í heimssögunni en heimssögulegt að inntaki.

Einstök inntaksatriði atburðarásarinnar og aðstæðna ránsins eru oft nokkur flækja fyrir höfundunum. Tyrkjaheitið hefur vafist fyrir mörgum eins og bent hefur verið á. Samsetning ránsmannahópsins er annar vandi, tegundir og skilgreining sjórána hinn þriðji. Hvað þarf að útskýra og hvenær er nóg skýrt? Stundum er betra að láta sumt ósagt en að koma með hálfkveðnar vísur.

Það er háð tíðaranda, rannsóknum, áhuga höfundanna og fleiri atriðum hvaða þættir Tyrkjaránsins eru dregnir fram, hvort sem það er tilvistarvandi einstaklinganna, stjórnmálahliðar ránsins, staðhættir á Íslandi eða hnattrænar aðstæður. Ákveðinn ávinningur er að því að sameina marga þætti því að...

> heimssöguleg ferli koma fram og speglast í ákveðnum aðstæðum. Ef bregða skal sögulegu ljósi á þau þarf að sýna sögulegt vægi þeirra og áhrifamátt á mismunandi sviðum, þar á meðal sem einsögu. Þessi svið hafa jafnframt mátt til að endurskilgreina og breyta stefnu þessara ferla (Dirlik, 2003, bls. 98).

Stríði og átökum hefur til skamms tíma og að jafnaði verið lýst „ofan frá“ í sögukennslubókum, þ.e. frá sjónarhóli þeirra sem leiða átökin. Um Tyrkjaránið er þessi öfugt farið þar sem þolendurnir hafa jafnan fengið mest rými og sjónarhóllinn er þeirra. Árásarmennirnir og samfélag þeirra hafa verið afgreidd með skjótari hætti og fáum blæbrigðum. Í þessu tilviki væri því breyting og nýjung fólgin í því að auka heimssögulegan þátt ránsins og lýsa sjónarmiðum „ofan frá“ jafnframt því að tengja hvorttveggja saman.

Ákveðið vandamál er fólgið í því að fjalla um gerendur ofbeldisverka sem almennt eru fordæmd. „Má setja andlit á illvirkjann?“, var spurt í Þýskalandi þegar Hitler var sýndur sem aðalpersóna í *Der Untergang*, leikinni kvikmynd um síðustu daga þriðja ríkisins (Totaler Dämon und elende Witzfigur, 2004). Skólar á Íslandi hafa aðgang að (áður nefndri) heimildakvikmynd þar sem (meintur) foringi Tyrkjaránsmanna er meginviðfangsefnið og hann fær að vissu leyti „andlit“ (Þorsteinn Helgason, 2002b). Um sama mann hefur verið gerð barnabók í Hollandi (Hammerstein og Nanninga, 2006). Fjarlægð atburðanna í tíma, umfang óhæfuverkanna og flækjustig sektarinnar gera þetta mögulegt. Í þessu liggur jafnframt einn helsti vandi þess að fjalla um Tyrkjaránið í kennslubók – að gera hvort tveggja í senn: að lýsa ofbeldisverkum í nærmynd og að setja þau í samhengi við heimssögulega ferla.

Ljóst er að Tyrkjaránið mun „lifa“ í námsgögnum á Íslandi um ókomna tíð vegna þess hve einstæður þessi atburður er, hve heimssögulegur hann er, hve rótfastur hann er í sameiginlegu minni þjóðarinnar og vegna þess að hægt er að segja frá honum og skoða hann í margs konar samhengi og frá mörgum sjónarhornum.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla. Samfélagsgreinar. (1999) [Reykjavík]: Menntamálaráðuneytið.

Aðalsteinn Eiríksson (í samráði við starfshóp um samfélagsfræði á vegum menntamálaráðu-neytisins, skólarannsóknadeildar). (1981). *Jón Steingrímsson og móðuharðindin*. Reykjavík: Námsgagnastofnun, Menntamálaráðuneytið.

Auður Ögmundsdóttir og Ívar Sigurbergsson. ([Án árs]).Tyrkjaránið. Sögukort – texti. Sótt af http://arifrodi.com/Tyrkir/

Árni Hermannsson, Jón Ingvar Kjaran, Lýður Björnsson, Margrét Gunnarsdóttir. (2000). Íslands- og mannkynssaga NB I. Frá upphafi til upplýsingar. Reykjavík: Nýja bókafélagið.

Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg, Helgi Skúli Kjartansson. (1992). *Aldir bændasamfélagsins. Leskaflar í Íslandssögu. Tilraunaútgáfa.* Reykjavík: Iðunn.

[Birgir Þór Baldvinsson]. [1983?]. [Saga Vestmannaeyja], „Tínt saman, stolið, stælt og kennt hefur Birgir Þór Baldvinsson.“ [Vestmannaeyjum].

Dirlik, Arif. (2003). Confounding Metaphors, Inventions of the World: What is World History For? Í Benedict Stuchtey og Eckhardt Fuchs (ritstjórar). *Writing World History 1800-2000* (bls. 91–135). Oxford: Oxford University Press.

Drífa Þöll Arnardóttir, Elísa Kristmannsdóttir og Sæfinna Ásbjörnsdóttir. (2002). *Saga Vestmannaeyja. Námsefni fyrir 8. bekk. Tilraunaefni* ([Vestmannaeyjum].

Einar Laxness. (1979). Þættir úr Íslandssögu 1550-1830. Reykjavík: MH.

Eygló Björnsdóttir. (1998/2000). Ágrip af sögu Vestmannaeyja. Sótt af *http://www.ismennt.is/vefir/eyglob/sagave/eyjar.html*

Guðrún Ólafsdóttir. (1970). Ágrip af Íslandssögu 1550-1683. Lýður Björnsson. (1970). Íslandssaga 1680-1830. Fjölfaldað sem handrit. Reykjavík: [án útgefanda].

Gunnar Karlsson. (1986). *Sjálfstæði Íslendinga 2. Íslensk stjórnmálasaga konungsveldis um 1264-1800 skrifuð handa börnum.* Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Gunnar Karlsson. (1988?). *Eyðufylling milli siðaskipta og sjálfstæðisbaráttu*. (Fjölrituð viðbót við Samband við miðaldir. Kennarahandbók*).*

Gunnar Karlsson. (1990). *Kóngsins menn. Ágrip af Íslandssögu milli 1550 og 1830.* Reykjavík: Mál og menning.

Gunnar Karlsson. (1992). Um tilgang sögukennslu og hlutverk námsbókanna Sjálfstæði Íslendinga I-II. Í *Að læra af sögu. Greinasafn um sögunám.* Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Gunnar Karlsson, Brynja Dís Valsdóttir, Eiríkur K. Björnsson, Ólafur Rastrick, Sesselja G. Magnúsdóttir, Sigríður Hjördís Jörundsdóttir og Sigurður Pétursson. (2003a). *Fornir tímar. Spor mannsins frá Laetoli til Reykjavíkur, 4.000.000 f.Kr. til 1800 e.Kr.* Reykjavík: Mál og menning.

Gunnar Karlsson Brynja Dís Valsdóttir, Eiríkur K. Björnsson, Ólafur Rastrick, Sesselja G. Magnúsdóttir, Sigríður Hjördís Jörundsdóttir og Sigurður Pétursson. (2003b). *Fornir tímar. Spor mannsins frá Laetoli til Reykjavíkur, 4.000.000 f.Kr. til 1800 e.Kr. Kennarahandbók. Netútgáfa*. Reykjavík: Mál og menning. Sótt af http://www.forlagid.is/?cat=1001

Halldór Baldursson. (1996). Holger Rosenkrantz höfuðsmaður og atlaga Tyrkja að Seilunni 1627. *Landnám Ingólfs: Nýtt safn til sögu þess*, 5, 111–120.

Halldór B. Ívarsson. (2007). *Samfélagsfræðivefurinn. Kennsluvefur í samfélagsgreinum fyrir grunnskóla*. Sótt af http://samfelagsfr.is/upphafssida/sagnfr.htm

Hallgerður Gísladóttir og Helgi Skúli Kjartansson. (1998). *Lífið fyrr og nú. Stutt Íslandssaga.* Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Hammerstein, Mariska (texti) og Anco Nanninga (myndir). (2006). *Jan Janse, piratenkapitein in Marokko.* Amsterdam: Uitgeverij Pennenstreek.

Haraldur Matthíasson. (1966). Íslandssaga. 1 og 2. Fjölritað sem handrit. Reykjavík: Fjölritunarstofa Friede Briem, Bergstaðastræti 69.

Heimaslóð. (2005-2009). Tyrkjaránið. Vestmannaeyjabær. Sótt af http://www.heimaslod.is/index.php/Tyrkjaránið

Historie. Kvalitet i uddannelse og undervisning. Undervisningen i historie i det danske uddannelsessystem, en beskrivelse og vurdering af mål og indhold. (1994). København: Undervisningsministeriet.

Ingimar Sveinsson. (1989). *Djúpivogur. 400 ár við voginn.* [Djúpavogi]: Búlandshreppur.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2008). Átök um menntaumbætur. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri). *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007. Síðara bindi, Skóli fyrir alla 1947–2007* (bls. 138-153). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Íslenskur söguatlas 1. *Frá öndverðu til 18. aldar.* (1989). Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson (ritstjórar). Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Johansson, Roger. (2001). *Kampen om historien. Ådalen 1931. Sociala konflikter, historiemedvetande och historiebruk 1931-2000*. Stockholm: Hjalmarson & Högberg.

Jón Árni Friðjónsson. (2010). Sögukennsla og menntastefna. Vantar okkur kanón í sögu? *Saga* 8 (2), 125–154.

Jón Árni Friðjónsson. (2013). *Skólabókasagan. Um sögukennslu í íslenskum framhaldsskólum 1946-1996*. Doktorsritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.

Leifur Reynisson. (2010). *Sögueyjan* 2. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Lerner, Robert; Althea K. Nagai og Stanley Rothman. (1995). *Molding the Good Citizen: The Politics of High School History Texts.* Westport, Connecticut: Praeger.

Loftur Guttormsson (ritstjóri). (2013). *Sögukennsluskammdegið: Rimman um sögukennslu og samfélagsfræði 1983–1984.* Heimildarrit í íslenskri uppeldis- og skólasögu, 3. bindi. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Lýður Björnsson. (1973). *Frá siðaskiptum til sjálfstæðisbaráttu. Íslandssaga 1550-1830*. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar.

Långström, Sture. (1997). *Författarröst och lärobokstradition. En historiedidaktisk studie.* Umeå: Umeå Universitet.

Margrét Gestsdóttir. (2001). Aðför eða nauðsynleg endurnýjun? Sögukennsla í nýju ljósi. *Saga* 39, 137-168.

Ólöf Garðarsdóttir. (Væntanlegt). Recent trends in social history in Iceland. *Revue d'histoire nordique/Nordic historical review*.

Sigfús M. Johnsen. (1946). *Saga Vestmannaeyja* 1-2. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Sigríður Matthíasdóttir. (2004). *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigurður Ólason. ([1964]). *Yfir alda haf. Greinar um söguleg og þjóðleg fræði*. [Reykjavík]: Hildur.

Totaler Dämon und elende Witzfigur. Darf man dem Bösen ein Gesicht geben? Bernd Eichinger und Bruno Ganz sprechen mit dem stern über ihren heftig diskutierten Kinofilm "Der Untergang". Viðtal við leikstjóra og aðalleikara í kvikmyndinni Der Untergang. (2004).16. sept. *Stern*. Sótt af http://www.stern.de/unterhaltung/film/529800.html?nv=ct_cb&eid=530352

Tyrkjaránið á Íslandi 1627. (1906-1909). [Jón Þorkelsson (tók saman)]. Reykjavík: Sögufélag. Sótt af http://baekur.is/bok/000399674/Tyrkjaranid_a_Islandi

Wadenström, Ralf. (1998). *Stora och små europeiska historier. En avhandling om vårt post-moderna Europa. Förkortad version av doktorsavhandlingen*. Helsinki: Rolf Wadenström. Sótt af http://www.mv.helsinki.fi/home/wadenstr/europa/index.htm

Wikman, Tom. (2004). På spaning efter den goda läroboken. Om pedagogiska texters lärande potential. Åbo: Åbo Akademis Förlag.

Wolfgang Edelstein. (1988). *Skóli – nám – samfélag.* Reykjavík: Iðunn. (Ný útgáfa hjá Háskólaútgáfunni 2008).

Þorsteinn Helgason (handrit og stjórn). (2002a). *Tyrkjaránið*. Heimildamynd fyrir sjónvarp. 1. Náðarkjör. 2. Fegurð þjáningarinnar. 3. Morðengill. Reykjavík: Seylan. Frumsýnd í Sjónvarpinu (RÚV) 12., 19. og 26. maí. 3 x 45 mín.

Þorsteinn Helgason. (2002b). *Kennsluleiðbeiningar með heimildarmyndinni Tyrkjaránið – þrír þættir*. Reykjavík: Námsgagnastofnun. Sótt af https://www.mms.is/namsefni/tyrkjaranid-kennsluleidbeiningar

Þorsteinn Helgason. (2004a). *Ein grjóthrúga í hafinu. Kennslubók í sögu.* [Reykjavík]: Námsgagnastofnun.

Þorsteinn Helgason. (2004b). *Ein grjóthrúga í hafinu. Kennsluleiðbeiningar.* Reykjavík: Námsgagnastofnun. Sótt af http://www.nams.is/ein_grjothruga/index.htm

Þorsteinn Helgason. (2006a). Hvað gerðist í Tyrkjaráninu? *Vísindavefurinn*. Sótt af http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5743

Þorsteinn Helgason. (2006b). Hvaða heimildir eru til um Tyrkjaránið? *Vísindavefurinn*. Sótt af http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5738

Þorsteinn Helgason. (2006c). Hverjir stóðu raunverulega að Tyrkjaráninu? *Vísindavefurinn*. Sótt af http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5770

Þorsteinn Helgason. (2006d). Voru Tyrkjarán framin í öðrum löndum. *Vísindavefurinn*. Sótt af http://www.visindavefur.is/svar.php?id=66655

Þorsteinn Helgason. (2011). Er þjóðarsagan karlkyns? *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Sótt af http://netla.hi.is/menntakvika2011/031.pdf

Þorsteinn Helgason. (2011). Kjölfesta eða dragbítur? Gagnrýnin hugsun og kennslubækur í sögu. *Netla*. Sótt af http://netla.khi.is/greinar/2011/ryn/005.pdf

Þorsteinn Helgason. (2013). *Minning og saga í ljósi Tyrkjaránsins.* Reykjavík: Hugvísindastofnun. Doktorsritgerð.

Um höfund

Þorsteinn Helgason (thelga@hi.is) var dósent í sagnfræði og sögukennslu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, emeritus síðan vorið 2016. Hann varði doktorsritgerð sína, Minning og saga í ljósi Tyrkjaránsins, við Hugvísindasvið Háskóla Íslands árið 2013. Auk Tyrkjaránsins hefur Þorsteinn stundað rannsóknir og skrif á sviði kennslufræði sögu, námsgagnafræði og aðferðafræði og heimspeki sagnfræði, samið kennslubækur og gert heimildamyndir fyrir sjónvarp.

Efnisorð

Tyrkjaránið 1627 – korsarar – sjórán – kennslubækur – námsgögn – textagreining – sameiginleg minning

About the author

Thorsteinn Helgason (thelga@hi.is) is Associate Professor emeritus in History and History Education at the School of Education, University of Iceland. He obtained his Ph.D. in History at the School of Humanities, University of Iceland, in 2013 with his thesis, Memory and History in the Light of the Turkish Raid (in Icelandic). Besides historical studies of the Raid, the focus of his research and writing has been the pedagogy of history, textbooks and educational materials, and the methodology and philosophy of history. He has written several textbooks and made documentary films for television.

Key words

The Turkish Raid 1627 – corsairs – piracy – textbooks – educational materials – textual analysis – collective memory

Þorsteinn Helgason. (2016).
Verkfæri þjóðminninga: Tyrkjaránið í skólabókunum – Seinni hluti.
Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/11_ryn_arsrit_2016.pdf